



Breiðholtsskóli – heildarmat á skólastarfi

Maí 2013
Skóla og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Nanna K. Christiansen

Valgerður E. Þorvaldsdóttir

Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Mat á skólastarfi	4
Skólastarf	7
Námsárangur	7
Stjórnun og stefna	8
<i>Skipulag skóladags</i>	10
<i>Samstarf við grenndarsamfélagið</i>	10
Nemendur og líðan	11
<i>Stjórn nemendafélags</i>	13
<i>Reglur og agi</i>	14
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	15
Verklag	18
Fjölbreyttar leiðir í námi	18
<i>Kennsluhættir</i>	18
<i>Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna</i>	21
<i>Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir</i>	21
<i>Skóli án aðgreiningar - sérkennsla</i>	22
Skólaþróun og mat	25
Virk upplýsingamiðlun	26
<i>Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir</i>	27
<i>Heimasíða</i>	28
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	28
Mannauður	29
Starfsánægja og líðan á vinnustað	29
<i>Samstarf</i>	31
<i>Aðbúnaður</i>	34
Símenntun og starfsþróun	35
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	36
Fjármál	39
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	39
Fjárhagsleg staða skólans	39
Greining	40
Samantekt og tækifæri til umbóta	40
Heimildir	45
Fylgiskjöl	45

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Breiðholtsskóla sem fram fór í febrúar 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs. Breiðholtsskóli var einn af ellefu skólum þar sem skóla- og frístundasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2012-2013. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Breiðholtsskóla er Jónína Ágústsdóttir og aðstoðarskólustjóri er Anna Sigríður Pétursdóttir. Í Breiðholtsskóla eru 435 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2012-2013. Um 91% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu sækja skóla í Breiðholtsskóla. Flestir hafa nemendur verið árið 1971 eða 1433 en fæstir 2011 eða 459. Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi í um 480 á næstu þremur árum.

Í skólanum starfa 73 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 64 stöðugildum, þar af kennarar í 42,91 stöðugildi. Samkvæmt þessu eru um 6,8 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins hærra en í borginni í heild að meðaltali (6,5)¹. Ef aðeins er miðað við kennara í Breiðholtsskóla eru um 10,1 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (9.1)².

Breiðholtsskóli tók til starfa haustið 1969 í fyrsta áfanga skólahússins. Byggt var við skólann í áföngum frá 1971 til 1984 og aftur árið 1995 en þá varð skólinn einsetinn. Gerð hafði verið áætlun um frekari viðbyggingu en þeim framkvæmdum var frestað árið 2007.

Í kjölfar erindis frá foreldrafélagi skólans á þessu skólaári hefur borgarráð falið umhverfis- og skipulagssviði og skóla- og frístundasviði að gera samantekt á ástandi Breiðholtsskóla, húsnaði og aðbúnaði og þörf fyrir viðhald og endurbætur.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011 (tafla 77).

²² Sama (tafla 80).

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 32 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2012.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla

- Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2012-2013 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2012-2013 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf

Námsárangur

Samræmd könnunarpróf

Meðaltalsárangur nemenda í Breiðholtsskóla á samræmdum könnunarprófum árið 2012 í 4. bekk var undir meðaltali borgarinnar, talsvert meira í íslensku en stærðfræði. Undanfarin ár hefur meðaltal í íslensku oftast verið rétt undir meðaltali Reykjavíkur og einu sinni áður svo lágt sem það var nú síðast. Það sama á við um stærðfræði en þar hefur meðaltal skólans þó oftast verið töluvert lægra. Í 7. bekk hefur meðaltalsárangur í íslensku verið við meðaltal Reykjavíkur frá árinu 2005 og aðeins yfir því 2010 og 2011. Árangurinn í 7. bekk 2012 er hins vegar sá slakasti frá 2005 í báðum greinum þó framfarastuðull sé eðlilegur.

Í 10 bekk er meðaltalsárangur lakari í öllum greinum fyrir árið 2012 en að meðaltali í Reykjavík, auk þess sem framfarastuðull í íslensku er lágur. Árin áður hefur árangur í íslensku tvisvar verið svona lágur en oftast verið nálægt meðaltalinu. Í stærðfræði hefur árangurinn oftast verið nokkuð undir meðallagi þó framfarastuðull hafi oftast sýnt eðlilegar framfarir (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2012 og 2011).

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
4. bekkur								
Íslenska	30,9	28,2	25,6	29,8	28,3	27,0	28,5	25,9
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5
Stærðfræði	28,0	24,0	24,3	27,4	27,1	25,7	26,1	27,1
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	29,9
7. bekkur								
Íslenska	29,9	28,8	29,1	31,6	29,9	31,6	31,9	26,8
Framfarastuðull íslenska	1,01	1,01	1,00	1,01	1,02	1,07	1,02	1,02
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6
Stærðfræði	32,0	29,0	27,7	29,9	25,6	28,1	30,6	26,4
Framfarastuðull stærðfræði	1,01	1,06	0,99	1,03	1,01	1,03	1,01	1,02
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5
10. bekkur								
Íslenska	30,3	27,3	29,7	27,4	28,6	30,8	29,4	27,3
Framfarastuðull íslenska	1,01	1,00	1,03	0,96	0,99	1,00	1,01	0,96
Reykjavík	31,8	30,4	30,7	31,3	31,0	30,6	30,8	31,1
Stærðfræði	27,8	24,6	27,5	27,3	27,7	28,8	27,5	26,3
Framfarastuðull stærðfræði	0,98	1,01	1,03	0,96	0,98	1,02	0,98	1,02
Reykjavík	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9	31,1
Enska				28,1	29,2	28,8	28,9	28,5
Reykjavík				32,1	31,7	31,0	31,3	31,1

Niðurstöður skólans í lesskimun í 2. bekk hafa sveiflast nokkuð, tvisvar var skólinn yfir meðaltali Reykjavíkur en síðustu 4 ár rétt undir því. Skólinn hefur tekið þátt í Talnalykli sem er stærðfræðiskimun fyrir 3. bekk og eru svipaðar niðurstöður þar og í lesskimun, einu sinni var skólinn töluvert yfir meðaltali Reykjavíkur en síðan nálægt meðaltali, þó er árið 2012 nokkuð undir meðaltali.

Lesskimun og Talnalykill

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Lesskimun 2. bekkur								
Hlutfall sem les sér til gagns	70%	47%	65%	74%	70%	66%	68%	64%
<i>Reykjavík</i>	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%
Talnalykill 3. bekkur								
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		68%	81%	66%	56%	-	70%	63%
<i>Reykjavík</i>		69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%

Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is).

Skoðuð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Breiðholtsskóli var í 15. sæti af 26 skólum í lesskilningi og 10. sæti í náttúrufræði. Staða skólans miðað við aðra reykvíska skóla í lesskilningi og læsi á stærðfræði breyttist mikið milli 2006 og 2009 en 2006 var skólinn í efsta sæti í öllum greinum en benda má á að það ár tóku einungis 54% nemenda þátt. Þátttaka nemenda í rannsókninni 2009, var 77% .

Það sem vel er gert:

- Árangur í 7. bekk í íslensku hefur oft verið mjög góður og sum ár einnig í stærðfræði.
- Framfarastuðlar í 7. bekk sýna eðlilegar og stundum góðar framfarir nemenda.
- Niðurstaða nemenda í lesskimun er yfirleitt góð, Talnalykill hefur einnig oft komið vel út.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bæta má árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum.

Stjórnun og stefna

Stefna Breiðholtsskóla birtist á heimasíðu þar kemur m.a. fram að stefna Breiðholtsskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum, þar segir m.a. að skólinn leitist við að veita öllum nemendum jöfn tækifæri til náms, efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og félagsfærni. Einkunnarorð skólans eru: Traust – Ábyrgð – Tillitssemi og slagorð skólans er: Árangur fyrir alla. (Heimasíða, stefna skólans).

Núverandi skólustjóri tók við starfi í skólanum haustið 2012 og hefur því ekki haft langan tíma til að móta stefnu skólans í samræmi við eigin áherslur. Hún hefur metnað til að veita faglega forystu og leggur áherslu á teymisvinnu og samvinnu kennara sem grunn að góðum árangri í skólustarfinu svo og fjölbreytta kennsluhætti og skapandi starf og að nemendur „læri með því að framkvæma“. Hún vill innleiða þessa þætti í starfið í Breiðholtsskóla í meira mæli en nú er og sér tækifæri til breytinga í skólanum en hefur að eigin sögn viljað fara hægt í sakirnar á þessu fyrsta ári sínu en frekar verið með „gests augað“ á starfinu.

Aðstoðarskólustjóri er nánasti samstarfsmaður skólustjóra en verkaskipting þeirra á milli hefur verið að mótast á þeim tíma sem þær hafa starfað saman. Aðstoðarskólustjóri er staðgengill skólustjóra og segir sitt hlutverk það helst að „vera fólki til halds og trausts ... grípa inn í og bjarga málum“ auk þess að vera í stjórnun og þróunarvinnu.

Skrifstofustjóri sér um ýmis verkefni s.s. Vinnustund og að manna forföll kennara og færslur í bókhaldskerfi ásamt því að halda utan um skrifstofustarfið. Umsjónarmaður fasteigna er yfirmaður skólaliða og sér um samstarf við iðnaðarmenn vegna viðhalds. Skólustjóri, aðstoðarskólustjóri, umsjónarmaður, skrifstofustjóri og stjórnandi sérkennslu mynda stjórnendateymi skólans og funda nokkuð reglulega. Á þeim fundum er tekið fyrir skipulagsmál og „málefni líðandi stundar“. Stjórnendahópurinn skiptir með sér að taka starfsmannasamtöl.

Skipurit og starfslýsingar liggja fyrir en almennt telur skólustjóri að starfslýsingar og verkaskipting stjórnenda og starfsmanna þarfnist endurskoðunar. Hún vill auka valddreifingu með því að virkja leiðtoga úr kennarahópnum til samstarfs í stjórnun og ákvarðanatöku og mynda þannig stjórnunarteymi með tengslum við kennarahópa. Hún fékk fimm leiðtoga til liðs við sig einn úr 1.-2. bekk, einn úr 3.-4. bekk, einn úr 5.-7. bekk, einn af unglíngastigi og einn úr list- og verkgreinum. Leiðtogar funda reglulega með skólustjórum og eiga að vera tengiliðir milli skólustjóra og þess stigs sem þeir eru fulltrúar fyrir. Að sögn skólustjóra hefur þetta verklag ekki að öllu leyti gengið eftir og sumir leiðtogar gefist upp á hlutverkinu.

Fundaplan er gefið út fyrir skólaárið þar sem fram koma allir fastir fundir kennara og annars starfsfólks. Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði á föstum fundartíma og einu sinni í viku er stuttur fundur undir yfirskriftinni: Á döfinni og þá er farið yfir það helsta sem er að gerast í vikunni.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2013 töldu 84% foreldra skólanum vera vel stjórnað. Þessi niðurstaða er rétt undir meðaltali í borginni sem er 89%, en mun betri niðurstaða en í foreldrakönnun 2012 þegar um 54% foreldra töldu Breiðholtsskóla vel stjórnað. Foreldrar í rýnihópi segja að lítið sé búið að kynna skólanámskrá og stefnu en það þyrfti að gera það, þeir halda að þetta efni sé að finna á heimasíðu en finnst ekki spennandi að lesa sig í gegnum þykkann bunka af stefnuskjölum, heldur þyrfti stutta myndskreytta útgáfu til að vekja áhuga fólks á að lesa.

Í rýnihópum kennara og annarra starfsmanna kom fram að nýr skólustjóri þurfi tíma til að átta sig á skólanum og skólameningunni, en almennt líst þeim vel á það sem hún hefur gert til þessa, en „hún er voðalega fundaglöð, hörkudugleg kona, skipulögð og að leggja sig alla fram“. Sú skoðun kemur einnig fram að skólustjóri leggi of mikið á kennara og þeir fái ekki stuðning frá henni. „Við erum enn að finna taktinn með nýjum stjórnanda“, kemur fram í rýnihópi.

Nemendur hafa greiðan aðgang að stjórnendum en skólustjóri segist gjarnan vilja gera meira af því að heimsækja skólustofur. Nemendur í rýnihópum segjast þekkja aðstoðarskólustjóran

betur en skólastjórann, „hann er líka nýr“. En þau vita samt að skólastjórinn er „geðveikt á móti einelti“.

Skipulag skóladags

Skrifstofa skólans er opin frá kl.7:50-16:00 alla virka daga á starfstíma skóla. Skóladagur nemenda hefst kl. 8:30 og lýkur á bilinu 13.30-14:15. Stundatöflur eru samfelldar fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Á unglingastigi geta dagar verið mislangir vegna valgreina.

Frímínútur eru í 20. mínútur á milli 3. og 4. stundar og matarhlé er í 40 mínútur hjá 1.-3. bekk og 30 mínútur hjá eldri nemendum.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við það sem lög um grunnskóla kveða á um eða 30 stundir í 1.-4. bekk og 35 stundir í 5.-7. bekk. Á unglingastigi eru 32 stundir fastar á stundatöflu nemenda, þar til viðbótar koma valgreinar í 5 stundir eða alls 37 vikustundir. Kennsla í list- og verkgreinum er í 2 stundir á viku í 1. bekk og 4 stundir í 2.-7. bekk sem er undir því sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir (6 stundir). Á unglingastigi eru list- og verkgreinar hluti af valgreinum nemenda.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Auk samstarfs við foreldra, aðra skóla Breiðholtshverfisins, þjónustumiðstöð og heilsugæslu er skólinn í tengslum við fyrirtæki sem eru í hverfinu. Leitast er við að nýta umhverfi skólans, einkum þó Elliðaárdalinn sem hentar afar vel til útivistar og útináms. Einstaka kennarar skipuleggja í samræmi við stefnu skólans reglulega útikennslu allt að einu sinni í viku. Unnið hefur verið að því að koma upp útikennslustofu í samvinnu við leikskóla hverfisins (Starfsáætlun Breiðholtsskóla).

Í Skólanámskrá Breiðholtsskóla kemur fram að markmiðum skólans um jöfn tækifæri til náms, jákvæða sjálfsmýnd nemenda og félagsfærni verði ekki náð nema í samvinnu við forráðamenn og með góðum tengslum við grenndarsamfélag skólans (Heimasíða: Skólanámskrá).

Arnarborg, Bakkaborg, Breiðholtsskóli, Fálkaborg ásamt Þjónustumiðstöðvar Breiðholts hafa með sér samstarf um skil milli skólastiga sem felst í sameiginlegum fundum kennara og heimsóknnum nemenda milli skólastiga. Í skipulagi sem birt er í starfsáætlun skólans kemur fram hvað er gert á hverjum árstíma (Heimasíða. Starfsáætlun).

Félagsmiðstöðin Bakki hefur aðstöðu í skólanum og býður nemendum í unglingadeild upp á félagsstarf sem m.a. felst í „að spila, halda FIFAmót, fara í singstar, stuttmyndagerð, brjósýkursgerð, Fógó og Pógó, fótbolta, bingó, graffiti, leiklist, textasmíði, sundferðir, keiluferðir, kósýkvöld, bakað, jógað og lesið Laxnes í bókaklúbbnum okkar!! Við ætlum einnig að vera með fræðslunámskeið í vetur bæði fyrir tíu12 starfið sem og unglingastarfið“ (miðberg.is/bakkinn).

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts hefur aðsetur er í Breiðholtsskóla, en kennt er í einkatímum í fleiri skólum, háð húsnaði og nemendasamsetningu. Kennsla fer fram í einkatímum en aðaláhersla er lögð á að kenna nemendum að leika saman í hljómsveit. nemendur eru í þremur deildum sem er skipt eftir aldri og getu (<http://skolahljomsveitir.is/isl/>).

Skólastjórar grunnskóla í Breiðholti hafa með sér reglulegt samstarf og funda reglulega.

Það sem vel er gert:

- Nýr skólastjóri hefur metnað til að veita skólanum faglega forystu.
- Skipurit og starfslýsingar liggja fyrir.
- Fundaplan er gefið út fyrir skólaárið þar sem fram koma allir fastir fundir kennara og annars starfsfólks.
- Ánægja með stjórnun skólans er mun meiri meðal foreldra nú en fyrir ári síðan samkvæmt foreldrakönnun.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Stilla saman áherslur skólastjóra og millistjórnenda.
- Endurskoða starfslýsingar.
- Auka vikulegan kennslutíma nemenda í list- og verkgreinum til samræmis við viðmiðunarstundaskrá.

Nemendur og líðan

Í foreldrakönnun árið 2013 mátu foreldrar í Breiðholtsskóla líðan barna sinna í skólanum góða en 86% töldu börnum sínum líða *mjög* eða *frekar vel* í skólanum almennt. Meðaltalið er svipað og í foreldrakönnun Breiðholtsskóla 2012 en meðaltal Reykjavíkur nú í ár er 94%. Líðan í kennslustundum mældist aðeins lakari en 83% foreldra merkti við að barninu liði *mjög* eða *frekar vel* þar (meðaltal Reykjavíkur 93%) og svipuð niðurstaða var með frímínútur þar sem 82% foreldra sögðu barninu líða *mjög* eða *frekar vel* en meðaltal Reykjavíkur er 89%.

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlslinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbindingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.³

Fjórar mælingar hafa verið í Skólapúlslinum á þessu skólaári af fimm en síðasta mæling skólaársins er í maí.

Ánægja af lestri var aðeins yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali sambærilegra skóla. Kynjamunur var sá sami og í öðrum skólum þar sem stelpur hafa marktækt meiri ánægju af lestri en strákar. Ánægja af lestri er áberandi mest í 8. bekk og minnst í 10. bekk. Áhugi á stærðfræði er marktækt yfir landsmeðaltali samkvæmt mælingu marsmánaðar 2012 en uppsafnað meðaltal er rétt yfir landsmeðaltali. Áhugi á stærðfræði er mestur í 6. og 8. bekk en áberandi minnstur í 7. bekk. Lítil kynjamunur var á þessum spurningum um stærðfræðina. Trú á gildi náttúruvísinda er jafn landsmeðaltali og munur milli árganga minni en í hinum spurningunum, þó er 7. bekkur heldur lægri en hinir.

Trú á eigin námsgetu er ekki langt frá meðaltali nemenda í öðrum skólum en benda má á að nemendur í 9. og 10. bekk skólans telja hana mun minni en í öðrum árgöngum.

³ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

Nemendur í Breiðholtsskóla eru rétt undir landsmeðaltali hvað sjálfsálit varðar og eins og í öðrum skólum mælast stelpur lægra en strákar. Skólinn er meira undir meðaltali sambærilegra skóla heldur en landsmeðaltalinu. Mælingar skólapúlsins tvö síðustu skólaár hafa sýnt svipaðar niðurstöður. Töluvert miklu munar á sjálfsáliti nemenda í 9. bekk þar sem það er lægst og 10. bekk þar sem það er hæst. Eftir nokkuð mikla dýfu í fyrri mælingum skólaársins er stjórn á eigin lífi nú komin rétt undir landsmeðaltal en er enn nokkuð undir meðaltali sambærilegra skóla. Hér munar aftur miklu á niðurstöðum árganga en nemendur í 6. bekk eru langt undir meðaltali skólans og meðaltali 8. bekkjar sem er hæst.

Mælingar á vanlíðan, kvíða og einelti í mars sýna að nemendur skólans standa marktækt verr en nemendur almennt á landinu, sérstaklega hvað snertir kvíða. Sú mæling tók neikvæða sveiflu í mars og nóvember en hinar tvær mælingar skólaársins voru nálægt meðaltali annarra skóla. Uppsafnað meðaltal skólans er því undir landsmeðaltali. Ekki er mikill munur eftir árgöngum en þó má benda á að í 10. bekk er kvíði aðeins minni en landsmeðaltal í 10. bekk. Eins og í öðrum skólum eru stelpur mun kvíðnari en strákar.

Mælingar á vanlíðan sýna að í öllum mælingum vetrarins eru nemendur Breiðholtsskóla yfir landsmeðaltali og hæstir í meðaltali sambærilegra skóla í Reykjavík. Vanlíðanin er mest í 6., 7. og 10. bekk en þó munar ekki miklu milli árganga. Um 6-13% nemenda í Breiðholtsskóla segjast stundum finna fyrir ýmsum einkennum vanlíðunar á móti 3-9% nemenda í öðrum skólum. Sé litið til ársins 2009 þá hefur vanlíðanin aukist aðeins í skólanum. Einelti er rétt yfir meðaltali landsins, flestir merkja við að þeir hafi oft orðið fyrir baktali (6%) en 1-3% nemenda merkja við særandi orðalag, að vera skilin útundan eða beitt ofbeldi.

Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda eru oftast við landsmeðaltal og meðaltal sambærilegra skóla. Þó er samsömun við nemendahópinn nokkuð undir því og sérstaklega í 6. og 7. bekk þar sem mjög margir segja að þeir tilheyri ekki hópnum. Munur eftir kynjum er meiri en í öðrum skólum, þar sem stelpur telja sig oftar ekki vera hluta af hópnum. Skólinn er neðstur í meðaltali sambærilegra skóla í þessari mælingu og frá árinu 2009 hefur meðaltal skólans lækkað nokkuð.

Stuðningur og samband nemenda við kennara er rétt undir landsmeðaltali og þessar mælingar eru á hægri uppleið frá 2009. Nemendur í 6. bekk upplifa mestan stuðning en nemendur í 9. bekk minnstan á skólaárinu 2012-2013.

Skólinn vinnur eftir PBS- agakerfinu en markmið þess er m.a. að auka félagsfærni og námsárangur með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun. Unnið er skipulega að því að bregðast við einelti og fyrirbyggja það. Á degi gegn einelti var samþykkt í Breiðholtsskóla að nemendur og starfsmenn undirrituðu sáttmála um að leggja sig alla fram um að vinna gegn einelti í skólanum. Nemendur gerðu afrit af höndum sínum, klipptu út og skreyttu á margvíslegan hátt. Hendurnar voru síðan límdar á stórt blað sem prýðir nú vegg í anddyri skólans. Nemendur og starfsmenn rituðu síðan nafn sitt á blaðið og undirrituðu þar með sáttmálann sem hljóðar svo:

VIÐ UNDIRRITUÐ, NEMENDUR OG STARFSMENN BREIÐHOLTSSKÓLA, SKULDBINDUM OKKUR AÐ VINNA GEGN EINELTI (Heimasíða Breiðholtsskóla).

Af þeim foreldrum í Breiðholtsskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun 2013 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum, sögðu 15%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana í Reykjavík var 9%. Þegar spurt var um einelti sem hefði átt sér stað fyrir meira en 12 mánuðum hækkaði hlutfallið í 36%. Í foreldrakönnun 2012 sögðu 12% foreldra að barn þeirra hefði orðið fyrir einelti sl. 12 mánuði. Um helmingur foreldranna 2013

sagði skólann hafa tekið vel á eineltinu sem er svipað og í öðrum skólum borgarinnar og um 40% taldi að skólinn hefði tekið fljótt á málinu.

Nemendur í rýnihópi á yngsta stigi sögðu flesta krakka vera vini en sögðu þó að það væri nokkuð um stríðni og stundum einelti. Árgangarnir væru ekki mikið að leika sér saman og oft ekki heldur bekkir í sama árgangi. Það væru reglur um að ekki ætti að skilja útundan en stundum væri erfitt að fylgja þeim þar sem stundum væri ekki pláss í leikjum í frímínútum.

Nemendur á miðstigi sögðu einnig að það væru minni samskipti milli árganga en áður, þau minntust á verkefni þar sem 6. bekkur og 1. bekkur voru með vinadaga og það mætti gera aftur. Þau þekktu til eineltis en sögðu alla hafa skrifað undir eineltissáttmála og að skólinn reyndi að leysa þannig mál ef þau kæmu upp. Vinnufriður í tímum væri ekki alltaf góður og stundum fannst þeim eins og sumir nemendur kæmust upp með meira en aðrir hjá kennurum. Stundum væru slagsmál á göngunum í frímínútunum og gangaverðir þyrftu aðstoð frá kennurum við að stoppa þau. Þau voru sammála um að andinn í þeirra bekk væri fínn.

Nemendur á unglíngastigi sögðu í sínum rýnihópi að í bekkjunum væri góður andi og að árgangar blönduðust ágætlega. Skrekkur væri góður til að auka vináttu milli árganga. Þau töldu lítið um einelti á unglíngastiginu og að skólinn tæki strangt á því. Þau vildu gjarnan fá að sjá niðurstöður úr skólapúlslinum en þær væru bara kynntar fyrir nemendaráði og skólaráði.

Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög: „Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Starfsmenn heildarmats áttu rýnifund með stjórn nemendafélagsins og gáfu þeir upplýsingar um skipulag á starfi stjórnarinnar og um nemendafélagið. Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um skipan stjórnar nemendafélagsins.

Fulltrúar úr 8.-10. bekk Breiðholtsskóla mynda stjórn nemendafélags og koma þrír úr hverjum árgangi. Nemendur bjóða sig fram til setu í nemendafélaginu og fara fram kosningar meðal nemenda innan hvers árgangs sem kýs sína fulltrúa. Fulltrúar eru kosnir til eins árs í senn. Auk nemenda er einn fulltrúi kennara í stjórn nemendafélagsins. Formaður nemendafélagsins er oftast 10. bekklingur og að þessu sinni var það sá aðili sem fékk flest atkvæði í kosningu til stjórnar.

Stjórnin fundar eftir þörfum og ýmist ein eða með þeim kennara sem starfar með þeim. Vegna forfalla hafa þau að sögn oftast fundað ein. Við erum með facebook síðu, segja þau og við deilum upplýsingum og hugmyndum þar. Ekki eru ritaðar fundargerðir en „glósur“ frá fundum birtast á facebook-síðunni. Leyfi til athafna fá þau frá skólastjóra. Eina athugasemd þeirra er að þeim finnst að hlusta mætti betur á tillögur þeirra og hugmyndir en ekki loka á þær.

Hlutverk stjórnar segja nemendur vera að skipuleggja viðburði og safna peningum fyrir viðburðum. Fastir viðburðir í félagslífi nemenda eru árshátíð, lokaball, nýnemaball að hausti og jólaball. Þau skipuleggja líka þátttöku í Skólahreysti, en þar varð lið skólans í öðru sæti þetta skólaár. Þátttöku í Skrekk segja þau vera valfag fyrir áhugasama. Þátttaka nemenda í

viðburðum sem nemendafélagið skipuleggur er að sögn fulltrúa í stjórn góð. Stjórnin tengist Bakkaneftinni, en Bakki er félagsmiðstöðin sem starfrækt er í skólanum, „og öðru hverju tölum við við ungmennaráð Breiðholts“. Ritari segist vera í því ráði og meðal þess sem gert hefur verið er samstarf vegna góðgerðarballs sem haldið var skólanum og þau voru með muffins-sölu saman og söfnuðu fyrir Ljósíð sem eru samtök krabbameinsgreindra barna.

Skólaárið 2012-2013 er formaður nemendafélagsins einnig fulltrúi í skólaráði og tengiliður milli skólaráðs og nemendafélags, að öðru leyti er stjórn nemendafélags ekki í sérstökum samskiptum við skólaráð að sögn þeirra.

Reglur og agi

Í skólanámskrá og starfsáætlun kemur fram að skólinn notar PBS, heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun til að móta árangursríka umgjörð um aga og umgengni í skólanum.

Markmiðin eru að: auka félagsfærni og námsárangur með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun; draga úr hegðunarvanda með því að búa til skýrar og einfaldar reglur; samræma aðgerðir alls starfsfólks skólans til þess að auka æskilega hegðun og koma í veg fyrir óæskilega hegðun og stuðla að góðu samstarfi starfsfólks skólans, nemenda og foreldra þeirra. Birt er tafla yfir reglur á ákveðnum svæðum og tengt við einkunnarorðin: Ábyrgð, Traust, Tillitssemi (Skólanámskrá, skólareglur).

PBS kerfið er ekki notað af öllum „það nota það bara sumir, ekki allir, það er alls ekki nógu virkt“ kemur fram hjá starfsfólki í rýnihópi. Óvissa kemur einnig fram um stuðning nýs skólastjóra við kerfið, „við höfum skapað okkur lausnir sem hafa gefist vel en það er verið að plokka þessar lausnir og úrræði burt og það kemur ekkert í staðinn“, segir í rýnihópi kennara. Starfsfólki finnst reglur á svæðum ekki virka „það fer enginn eftir þeim“ og talar um lítinn aga og ljótan munnsöfnuð nemenda, kennarinn ræður í stofunni, segja þau, en „við ráðum ekki á neinum einum stað. Við þurfum að vera mjög ákveðin við þau, þó við séum auðvitað góð“. Kennarar telja að jákvæð sýn á nemendur sé ríkjandi, „við gefum öllum séns, þó við séum með mjög marga þunga og erfiða einstaklinga“. Þeir sakna næðisversins sem lagt var af „þar gátu krakkar fengið að fara og vera í einstaklingskennslu í smá stund, vera í meira næði og ná sér niður“. Kennarar nefna einnig að ekki sé mikill vinnufriður „bekkirnir eru orðnir stærri og enginn stuðningur, maður er aleinn með bekkinn, við fáum ráðleggingar um hvað við eigum að gera, en engin úrræði“.

Skólareglur uppfylla þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 1040/2011), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur (fylgiskjal 5). Kennarar eru ánægðir með skólareglur sem fylgja PBS kerfinu, segja þær skýrar og sýnilegar og segjast nota þær mikið, starfsfólk er á öðru máli eins og áður er komið fram. Kennurum finnst ferill um viðbrögð við agabrotum vera þungur í vöfum og mikil skriffinnska fylgja honum, þeir telja sig ekki hafa úrræði til lausnar „ferillinn byrjar alltaf upp á nýtt, alls konar fræðingar koma á fundi og ákveða hvað á að gera og svo á umsjónarkennari að framkvæma vinnuna“.

Fram kemur hjá nemendum í rýnihópum að þeir þekkja skólareglurnar og finnst þær vera fínar og sanngjarnar. Þau fá áttavita fyrir góða hegðun og geta safnað sér fyrir umbun af einhverju tagi en það „má ekki kosta neitt“. Nemendur á unglíngastigi þekkja einkunnarorð skólans og skólareglur „þær hanga út um allt“ en segja PBS ekki notað lengur en það „væri frekar næs að fá umbun“ finnst þeim.

Það sem vel er gert:

- Nemendur sýna námsgreinum áhuga og oft meiri en í öðrum skólum.

- Nemendur og starfsmenn hafa undirritað sáttmála um að leggja sig alla fram um að vinna gegn einelti í skólanum.
- Stjórn nemendafélagsins er virk og áhugasöm.
- Kosid er til stjórnar nemendafélags lýðræðislegri kosningu.
- Þátttaka nemenda í viðburðum er almennt góð.
- Skólinn notar PBS, heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun til að móta árangursríka umgjörð um aga og umgengni í skólanum.
- Skólareglur eru skýrar og sýnilegar sem og einkunnarorð skólans.


Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Mat foreldra á líðan nemenda hefur lækkað og nokkuð undir meðaltali annarra foreldra í borginni
- Einelti er meira en í sambærilegum skólum samkvæmt foreldrum og nemendum
- Niðurstöður nemenda samkvæmt skólapúlsinum eru ekki nógu góðar á mörgum mikilvægum þáttum sem snúa að líðan nemenda og samsömun við nemendahópinn. Skoða má niðurstöður árganga til að úrbætur verði markvissar.
- Kynna niðurstöður úr skólapúlsinum fyrir nemendum og nýta til umræðna með þeim.
- Hlusta enn betur á tillögur og hugmyndir frá nemendafélaginu.
- Virkja alla starfsmenn til sameiginlegrar þátttöku í agastjórnun og fara yfir viðbrögð við agabrotum.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Á heimasíðu Breiðholtsskóla er handbók foreldra birt þar sem fram koma hinar ýmsu upplýsingar um starf skólans og stefnu hans. Þar er tekið fram að skólinn sé öllum opin og að foreldrar séu alltaf velkomnir til að taka þátt í starfinu eða kíkjja í heimsókn (Handbók foreldra, stefna skólans).

Í foreldrakönnuninni veturinn 2013 svöruðu 72% foreldra í Breiðholtsskóla könnuninni. Helstu niðurstöður voru þær að hlutfall foreldra sem voru ánægð með nám og kennslu í skólanum (alls 10 spurningar) er marktækt lægra en landsmeðaltal sambærilegra skóla. Þetta má sjá á meðfylgjandi mynd þar sem hver punktur er einn skóli, Breiðholtsskóli er dekksti punkturinn. Hver lóðrétt lína sýnir eina skólagerð, rauða línan er landsmeðaltal.



Eins og áður hefur komið fram jókst ánægja með stjórnun skólans mikið milli 2012 og 2013. Ánægja með samskipti starfsfólks við nemendur var undir meðaltali og má sérstaklega nefna að foreldrar stráka voru óánægðari og eins foreldrar á miðstigi og yngri stigi. Áður hefur verið minnst á mat foreldra á líðan barnanna í skólanum sem er aðeins undir meðallagi.

Langflestum foreldrum fannst agi (68%), áhersla á próf (73%) og þyngd námsefnis (81%) hæfileg en á þessum mælikvörðum var skólinn yfirleitt í kringum meðaltal borgarinnar. Virkni foreldra í námi barna sinna (alls 8 spurningar) var í samræmi við meðaltal annarra skóla og rétt yfir meðaltali sambærilegra skóla. Einnig töldu foreldrar í aðeins meira mæli en í öðrum skólum að börnin leituðu eftir stuðningi þeirra varðandi skólastarfið.

Foreldrar voru ánægðir með stjórnun skólans og töldu 84% honum vera vel stjórnað sem er rétt undir meðaltali borgarinnar en töluvert yfir niðurstöðu skólans frá 2012.

Mikil óánægja var meðal foreldra með ýmsa aðstöðu í skólanum og þá sérstaklega almennt ástand húsnæðis, aðstöðu fyrir list- og verkgreinar, aðgengi að tölvum og skólalóð.

Foreldrar í rýnihópi töldu ekki vera mikla virkni í foreldrasamstarfi og foreldrar kæmu lítið inn í skólann nema þá til að mæta á viðburði nemenda. Foreldrarnir sögðu lítið búið að kynna skólanámskrá og stefnu skólans en þetta væri aðgengilegt þó að alltaf mætti bæta framsetningu til foreldra. Einnig væru þessi mál vafalaust í endurskoðun hjá nýjum skólastjóra sem foreldrarnir höfðu miklar væntingar til. Foreldrarnir töldu mikilvægt að til þeirra væri miðlað upplýsingum, ekki einungis um námsárangur heldur um stöðu nemendahópsins í heild sinni, líðan, heilsu og viðhorf, sem og viðhorf foreldra í hverfinu og jafnvel að skoða þyrfti viðhorf grenndarsamfélagsins til skólastarfsins. Einnig þyrfti að gæta að því að foreldrar af erlendum uppruna fengju upplýsingar og kæmu sjónarmiðum sínum á framfæri. Foreldrarnir töldu nýjan skólastjóra standa frammi fyrir stóru verkefni þar sem margir hlutir hafi verið á bið eða orðið fyrir niðurskurði undanfarin ár. Upplýsa mætti foreldra betur um hvað væri búið að laga af áætlunum og verklýsingum.

Foreldrar töldu að sumu leyti væri ákveðinn dodi eða þreyta í starfsmannahópnum og að finna þyrfti leiðir til að vinna á því og auka stuðning við kennara. Nýta mætti nemendur í því að auka upplýsingaflæði, þau gætu búið til fréttir og fleira til að setja á heimasíðu skólans. Aðstaða og aðbúnaður í skólanum kom til umræðu og töldu foreldrar að betri aðbúnaður gæti líka skapað aukinn kraft í kennara og aukið árangur nemenda sem auðvitað taka mið af því hvernig kennarar og starfsfólk er stemmt.

Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er gott starfsfólk, fastir punktar í skólastarfinu, samfélagsvitund í hverfinu og jákvæðni fyrir fjölmenningu og fjölbreytileika einstaklinga í skólastarfinu. Síðan mætti sannarlega huga að aðstöðu í skólanum, meiri krafti og jákvæðni starfsfólks og þyrftu yfirvöld menntamála í borginni að styðja við breytingar sem nýr skólastjóri gæti komið á í þessa veru.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð starfar við Breiðholtsskóla skv. lögum um grunnskóla og reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Í skólaráðinu situr skólastjóri, fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Skólaráðið fundar tvisvar til þrisvar á hverri önn. Fundargerðir eru skrifaðar í fundargerðarbók en hafa ekki verið birtar á heimasíðu.

Skólastjóri annast skipulag funda og fundardagskrá er ákveðin fyrirfram en fulltrúar geta lagt mál til umfjöllunar eftir því sem þörf er á. Í rýnihópi foreldra kom fram að í ráðinu væri skólastarfið kynnt og foreldrar kæmu með ábendingar og kröfur frá foreldrasamfélaginu. Þeim fannst að starfi yrði sífellt lýðræðislegra, frumkvæði að málum kæmi nú frá flestum ráðsmönnum. Foreldrar hafa fengið upplýsingar um skólaráðið í gegnum Mentor en stefnt er að því að allar fundargerðir fari sem fyrst eftir fundi á netið. Kosið var um fulltrúa foreldra á

aðalfundi foreldrafélags en búið er að endurskrifa lög félagsins eftir nýjum lögum/reglugerðum og fundir færðir til svo hægt væri að nýta þá m.a. í þessa kosningu.

Að mati foreldra í rýnihópi hefur starf foreldrafélags verið í lægð undanfarin ár en í vetur hefur 11 foreldra hópur verið að taka starfið í gegn, laga lög félagsins og markmið, endurvekja hefðir, álykta um skólastarfið bæði til skólaráðs og yfirvalda. Markmið þessa hóps er að vekja upp samfélag í kringum skólann og styðja við skólasamfélagið allt. Enn sem komið er hefur mæting á fundi foreldrafélagsins verið slök og er þessum foreldrahópi umhugsunarefni. Stjórnendur skólans eru að styðja meira við foreldrafélagið og hvetja til þátttöku en þetta tekur vissulega tíma.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um foreldrafélagið og markmið þess, stjórn þess, fundargerðir og upplýsingar um foreldrarölt.

Það sem vel er gert:

- Ánægja með stjórnun skólans hefur þegar aukist og foreldrar bera miklar væntingar til starfa nýs skólastjóra
- Starfsemi skólaráðsins hefur breyst til batnaðar að mati foreldra og er ráðið virkt í umræðu um skólastarfið.
- Verið er að endurskipuleggja foreldrafélagið sem hefur metnaðarfull markmið um foreldrasamstarf.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Ánægja með nám og kennslu er minni en í öðrum skólum
- Mun meiri óánægja er með húsnæði, aðbúnað og skólalóð en í öðrum skólum
- Foreldrar hafa tilfinningu fyrir því að doði og þreyta sé í starfsmannahópnum sem birtist m.a. í umræðu í rýnihópi og óánægju í foreldrakönnun með nám og kennslu og með viðmót starfsfólks til nemenda.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Í stefnu skólans kemur fram að kennslufræði skólans markast af einkunnarorðum hans **Ábyrgð – Traust - Tillitssemi**. Í því felst að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og gerðum, að nemendur finni að þeim er treyst og þeir geti treyst þeim sem vinna í skólanum og að lögð er áhersla á jákvæð samskipti sem skapa öryggi. Slagorð skólans er ...**ÁRANGUR FYRIR ALLA**. Unnið er að markmiðum aðalnámskrár með fjölbreyttum aðferðum. Mikilvægt er að nýta svigrúm og sveigjanleika til koma til móts við hvern og einn. Það tekst best með því að efla samvinnu allra, nemenda, forráðamanna og starfsfólks (Heimasíða. Stefna skólans).

Í stefnu skólans sem birtist m.a. í starfsáætlun hans setur Breiðholtsskóli fram sínar áherslur í starfi skólans m.a. um að mæta markmiðum borgarinnar um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda. Einnig leitast skólinn við að veita öllum nemendum jöfn tækifæri til náms, efla jákvæða sjálfsmynd þeirra og félagsfærni. Í útfærslu skólans er lögð áhersla á vellíðan nemenda svo þeir nái allir árangri í samræmi við getu og hæfileika hvers og eins. Til að vinna að þessu er mikilvægt að samvinna og sérhæfing haldist í hendur. Með því að skipuleggja skólann út frá því að hver árgangur sé ein heild og nemendur í honum vinni saman þvert á bakki er stuðlað að samstöðu um leið og umsjónarkennurum er gert kleyft að styrkja samvinnu sín á milli. Unglingadeild skólans er skipulögð þannig að hver árgangur sé ein heild. Í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði velur nemandi sér einn af 5 námshópum, eftir getu í hverri grein (Heimasíða. Starfsáætlun).

Nemendum á yngsta stigi finnst best að læra í næði í skólanum „það er óþægilegt að læra þegar allir eru að tala og trufla í kennslustundinni“. Krakkar fá að læra eins og þeim finnst best, segja þau, en ekki alltaf „kennarinn segir hvað á að gera og við ráðum hvernig“. Þau tala um útikennslu „þegar er gott veður“ og að þau vinni stundum saman og stundum ein.

Á miðstigi segja nemendur best að „kennarinn hjálpi krökkunum að komast í efnið“, kennarinn útskýri uppi á töflu og svo hjálpi krökkum sem þurfa meira. Þau segjast geta fengið að læra fyrir utan stofuna og þá 2-3 saman „þar eru hringborð til að sitja við“. Þegar vorið kemur er farið út í náttúrufræði „en það hefur ekki verið mikið í vetur út af veðrinu“ og þau segja frá því að krakkar hafi gróðursett tré í haust. Það er farið yfir heimanámið í tímum og kennarinn hjálpar að leiðrétta. Tölvur eru notaðar í tölvutíma og þau segjast skrifa ritgerðir í tölvunni.


Verkefnin eru við hæfi og „krakkar fá að læra eins og þeim finnst best“ segja nemendur á unglingastigi. Þau eru ánægð með leiðirnar sem þau geta valið um „krakkarnir skrá sig í þá leið sem hentar þeim og þá þarf að gera allt mismunandi eins og heimanám og allt“. Hjá þeim er ekki útikennsla en stundum hópavinna og þá raðar kennarinn oftast í hópa. Þau eru lítið í tölvum að sögn „einu sinni í viku í tölvustofu“. Í sumum greinum er mikið gert af því að fara yfir heimanámið í tíma, segja þau einnig.

Kennsluhættir


Að mati kennara í rýnihópi er engin ein lína hvað varðar kennsluhætti í skólanum en þeir telja að fjölbreytni einkenni kennsluhætti og „námsbækurnar stjórna ekki kennslunni heldur markmiðin sem við setjum“. Kennarar í rýnihópi á yngra stigi nefna stöðvavinnu nemenda og hringekjur og útikennslu sem dæmi um fjölbreytta kennsluhætti. Þeir nefna líka að byrjað sé á verkefnum og „verið að eltast við það sem er í gangi annars staðar en það svo ekki klárað“. Sú

skoðun kemur einnig fram að kennslan sé fremur hefðbundin sérstaklega á unglingastigi „tímarnir ganga út á innlöggn og vinnu nemenda“.

Farið var í heimsókn í alls 27 kennslustundir á öllum aldurstigum og í list- og verkgreinum og íþróttum. Skráð var hvaða kennsluhættir voru notaðir í þessum stundum, merkt var við 1-3 atriði í hverri stund. Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um 48% þeirra stunda sem heimsóttar voru sem er hærra hlutfall en að meðaltali, bein kennsla/innlöggn/umræður voru í um 23% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst eða alls 14% stunda og markvissa samvinnu og sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 11% tilvika.⁴



Kennsluhættir - heild



Til samanburðar er mynd sem sýnir hvernig kennsluhættir skiptast að meðaltali í skólum þar sem þeir hafa verið markvisst metnir undanfarin ár.

Sérstaða skólans

Kjörorð skólans er „...árangur fyrir alla“. Kennarar sérhæfa sig í tilteknum árgöngum og fögum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem litið er á nemendur hvers árgangs sem eina heild. Náms hópar eru því sveigjanlegir eftir viðfangsefnum og aðstæðum. Öflugur

⁴ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgt var með.

stuðningur er við nemendur með sérþarfir, bæði einstaklinga og hópa.

Auk almenns bóknáms, einkum lesturs er lögð áhersla er á kraftmiklar íþróttir, list- og verkgreinar í góðri aðstöðu. Í skólanum er lagt upp með jákvæða hegðun og skýr viðmið (Heimasíða. Sérstaða skólans). Val nemenda í unglingadeild um misþungar námsleiðir í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku markar einnig sérstöðu skólans. Hjá kennara kemur þó fram að komið sé að endurskoðun á þessu kerfi og meta þurfi kosti þess og annmarka.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum, þ.e textílmennnt, myndmennt, hönnun og smíði og heimilisfræði, tónmennt er ekki kennd nú þriðja skólaárið þar sem enginn tónmenntakennari er við skólann. Tímar í smiðju eru 4 stundir á viku í 6-7 vikur í senn sem er undir því sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir í þessar greinar.

Aðstaða til kennslu list- og verkgreina í skólanum er almennt góð, stórar og vel útbúnar stofur.

Valgreinar

Hver nemandi í 8.-10. bekk fer í val 5 stundir á viku en í boði voru alls 28 valgreinar fyrir skólaárið 2012-2013 og þar af 23 kenndar. Af þeim er meiri hluti tengdar list- og verkgreinum. Einn stærðfræðiáfangi og einn enskuáfangi á framhaldsskólastigi eru í vali fyrir 10. bekk.

Skólasafn

Skólasafn skólans er staðsett á fyrst hæð í rúmgóðu húsnæði. Þar er fjölbreyttur bókakostur og önnur gögn. Á heimasíðu kemur fram að markmið safnsins er:

- að leiðbeina nemendum við að nota safnið við nám og til skemmtunar
- að safnkosturinn hafi fræðslu og uppeldislegt gildi og sé aðgengilegur öllum nemendum og starfsfólki skólans
- að hjálpa nemendum við að verða sjálfbjarga við að afla heimilda við skólatengd verkefni og finna þau gögn sem tilheyra safninu
- að örva áhuga nemenda á bókum og lestri
- að þjálfa hlustun og eftirtekt með sögustundum

Enginn safnkennari er nú starfandi á skólasafninu en nokkrir kennarar skipta með sér að halda því opnu hluta skóladagsins. Í rýnihópi kennara kemur fram sú skoðun að skólabókasafn nýtist ekki sem skyldi til náms og kennslu, „það eru kennarar á afslætti sem stimpla bækur, opnunartíminn er mjög skertur og ekki keyptar inn nýjar bækur“.

Námsmat

Í starfsáætlun og skólanámskrá er gerð góð grein fyrir tilhögun námsmats. Markmið eru tilgreind:

- Að veita nemendum og foreldrum sem skýrasta mynd af stöðu nemandans í skólastarfinu.
- Að veita nemendum og foreldrum upplýsingar um hvernig nemandinn stendur almennt í samanburði við hann sjálfan hverju sinni.
- Að veita nemendum og foreldrum upplýsingar um hvernig nemandinn stendur námslega í samanburði við sinn árgang.
- Að veita nemendum uppbyggilega leiðsögn um áframhaldandi nám og starf í skólanum.

Vitnisburður er tvenns konar: Skólafærni og annareinkunn, annareinkunn segir til um hvar

nemandinn stendur námslega miðað við heildina í lok hvernar annar. Til grundvallar liggur eitt eða fleiri próf og kannanir sem og mat kennarans. Einkunn í skólafærni er gefin í bókstöfum A-D þar sem A þýðir að nemandi er áhugasamur og hefur lagt sig allan fram og gerir sitt besta (Starfsáætlun. Námsmat).

Foreldrar í rýnihópi segja námsmatið vera þannig að einkunnir koma heim tvisvar á ári, prófseinkunnir, skólaeinkunn og umsögn.


Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5 (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Á unglíngastigi geta nemendur valið á milli fimm námsleiða í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku sem er skref til einstaklingsmiðunar að mati kennara í rýnihópi. Þau geta valið mismunandi leiðir í hverju fagi og setja sér þannig markmið um þann árangur sem þau hyggjast ná í hverri grein. leiðin er endurskoðuð í lok hvers árs í samráði við kennara og foreldra. Í rýnihópi kennara segir að þannig séu „allir að vinna eins og þeir geta og á sínum hraða“. Á miðstigi eru getuskiptir hópar í stærðfræði og þar er horft til þeirra leiða sem notaðar eru á unglíngastigi.

Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 27 kennslustundir í 1.-10. bekk og allar metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 15% stunda frábærar, 67% góðar og 18% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi. Rauða súlan sýnir gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir.

Kennslustund sem metin er viðunandi uppfyllir ekki alla þessa þætti en er samt í meginatriðum í lagi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Það sem vel er gert:

- Unnið er að markmiðum aðalnámskrár með fjölbreyttum aðferðum og skólinn leitast við að veita öllum nemendum jöfn tækifæri til náms segir í stefnu skólans.
- Val nemenda í unglingsdeild um misþungar námsleiðir í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.
- Verkefni eru við hæfi og „krakkar fá að læra eins og þeim finnst best“ segja nemendur á unglingsstigi.
- Námsmat felst í mati á skólafærni og annareinkunn.
- 82% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Auka fjölbreytni í kennsluháttum.
- Auka vikulegan kennslutíma nemenda í list- og verkgreinum til samræmis við viðmiðunarstundaskrá.
- Leita leiða til að taka upp kennslu í tónmennt.
- Efla útikennslu enn frekar.
- Efla starfsemi skólasafnsins.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Fjallað er um stoðþjónustu Breiðholtsskóla á heimasíðu skólans þar segir m.a.: Sérkennsla er stuðningur við nemanda eða nemendahópa sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri eða skemmri tíma, jafnvel alla skólagönguna. Sérkennsla fer ýmist fram inni í bekk, utan bekkjar eða í námsveri (Heimasíða, stoðþjónusta).

Deildarstjóri fer með stjórnun sérkennslu. Hún skipuleggur sérkennsluna í samstarfi við sérkennarana tvo. Hún situr í stjórnendateymi með skólastjóra og öðrum millistjórnendum og er næsti yfirmaður þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa og stýrir nemendaverndarráði. Einu sinni í mánuði eru fundir með þeim sem koma að sérkennslu. Deildarstjóri situr árgangafundi kennara eftir þörfum til að fara yfir málefni þeirra nemenda sem njóta sérkennslu auk þess sem hún situr skilafundi nemenda með utanaðkomandi stoðþjónustu. Hún hefur ekki kennsluskyldu, en segist fara inn í sérkennslustofur til að fylgjast með „við og við, en ekki markvisst“.

Það er náttúrulega skóli án aðgreiningar og við vinnum eftir því, segir í rýnihópi um sérkennslu, „en það er ekki fjármagn til að fylgja stefnunni eftir eins og vera ætti“. Sérstaklega eru nefnd börn af nemendum af erlendum uppruna sem „þyrftu miklu meiri aðstoð en þau fá“.

Skipulag sérkennslu

Ekki er unnið eftir heildaráætlun um sérkennslu heldur reynt að bregðast við viðfangsefnum eftir því sem þau koma upp að sögn rýnihóps. Deildarstjóri tekur ákvarðanir í samráði við sérkennara varðandi sérkennsluna. Móttökuáætlun fyrir nemendur er á heimasíðu en í rýnihóp um sérkennslu kannast fólk ekki við að hún sé til. Þjónustumiðstöð miðlar upplýsingum um nýja nemendur og upplýsingar koma frá leikskólanum um nemendur í 1. bekk.

Nemendur eru að mestu teknir út úr tímum í sérkennslu og hefur það verið þannig undanfarin ár „þetta hefur ennþá bara gengið eins og það hefur verið að ganga“, segir í rýnihópi. Markmiðið var að setja sérkennsluna meira inn í bekk, segir í rýnihópi, en það hefur ekki komist í framkvæmd því þetta eru svo oft lestrarörðugleikar sem krefjast einstaklingskennslu. Og þessir nemendur þurfa líka stundum sjálfir að fá hvíld frá bekknum.

Nýr skólastjóri hefur aðra sýn á sérkennsluna og vill að hún fari meira fram inni í nemendahópnum, en þær breytingar hafa ekki komist til framkvæmda með þeirri undantekningu að svokölluðu næðisveri var lokað sl. haust, en þangað gátu kennarar sent nemendur sem trufluðu inni í kennslustund. Óánægja hefur verið meðal sumra starfsmanna með þessa breytingu og telja þeir hana þýða minni þjónustu fyrir nemendur og aukið álag á kennara.

Námsver

Á unglíngastigi er námsver (starfsver) fyrir nemendur í námsvanda. Þar eru nemendur allan skólatíma sinn þar eru nú fimm drengir og fjórir þeirra útskrifast í vor og spurning hvað gerist þá, segir í rýnihópi. Þeir eru allir með einstaklingsnámskrár. Svo er sérstakt námsver ætlað nemendum í 1.-7. bekk með námslega, félagslega og/eða tilfinningalega erfiðleika sem eiga erfitt með að nýta sér að fullu kennslu í bekk.

Í námsveri fyrir nýbúa er lögð áhersla á íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag, segir á heimasíðu.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá. Sérkennari gerir drög að einstaklingsnámskrá fyrir nemanda og ber undir umsjónarkennara, síðan koma foreldrar á teymisfund og þá er farið er yfir námskrána og bætt inn í ef þörf krefur.

Aðstaða og aðbúnaður

Nokkrar stofur hafa verið notaðar alfarið fyrir sérkennslu og fyrir gests augað virðist aðstaðan góð. Þeir sem vinna við sérkennsluna telja rýmið ekki nóg og „stundum erum við frammi á gangi“. Vinnuaðstaða þeirra er líka misgóð og ein hefur ekki haft skrifborð til að vinna við. Húsgögn og tölur er úr sér gengið og „tölvun svo léleg að ég nenni ekki einu sinni að kveikja á henni“.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf kennara til nemenda með sérþarfir er frekar neikvætt, segir í rýnihópi um sérkennslu, það er „pirringur meðal sumra kennara með hversu mikil orka fer í þessa nemendur og þeim

finnst hinir sitja á hakanum“ . Nemendum með mikla námsörðugleika líður oft ekki vel inni í bekk, segir í rýnihópnum en fyrir þau vantar úrræði og ekki aðstaða til að vera með meiri verklega kennslu fyrir þau. Það væri hægt að hafa meiri verkkenndu og meiri tónmennt. Hér er nú ekki tónmennt eins og er og ekki dans hér. Og það mætti betur nýta útiveru og íþróttir en í þetta allt þarftu mannskap, segir í rýnihópnum.

Upplýsingaflæði – samstarf

Sérkennarar vinna með bekkjarkennurum að gerð einstaklingsáætlana og gera t.d. sjónrænar stundaskrár fyrir nemendur sem þess þurfa.

Stuðningsfulltrúar segjast ekki hafa nægan aðgang að stjórnanda sérkennslunnar „hún er svo upptekin í öðrum verkefnum“ og þeir sitja ekki fasta fundi um sérkennsluna. Samstarf við kennara er gott en of lítt til tími til að sinna því og oft gert á hlaupum, segir í rýnihópi og upplýsingar frá kennurum mættu vera betri, „allt í einu þarf maður kannski að fara í vettvangsferð“.

Starfsandi mætti vera betri að mati rýnihópsins „fólk er svekkt og samt aukast kröfurnar á hendur þeim. Meira álag, minni virðing og minna kaup. Og börnunum virðist leyfast allt og stundum er starfsfólkið í lífshættu“.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Aðgengi er gott að sérfræðiþjónustu frá þjónustumiðstöð að mati rýnihóps, en biðin eftir greiningum of löng, allt að eitt og hálf ár og þess vegna nýtist ekki þjónustan sem skyldi. Skimanir hjálpa til og það eru haldnir fundir í kjölfar þeirra. Sérfræðiþjónustan hefur hjálpað til við skimanirnar, segir í rýnihópi. Einnig er nefnt gott samstarf við kennsluráðgjafa vegna einstaklinga.

Námsráðgjafi

Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Hann vinnur með nemendum, foreldrum og forráðamönnum, kennurum, skólastjórum og einnig öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Hann sinnir stuðningi og ráðgjöf við nemendur sem eiga í námslegum eða félagslegum erfiðleikum. Námsráðgjafi er talsmaður og trúnaðarmaður nemenda í skólanum. Hann veitir jafnframt ráðgjöf um námsval og brautir framhaldsskólanna og veitir leiðsögn í námstækni (Heimasíða. Stoðþjónusta).

Námsráðgjafi situr fundi nemendaverndarráðs sem er formlegur samstarfsvettvangur allra þeirra er annast þjónustu við nemendur og situr í fagraði með skólastjóri, hjúkrunarfræðingi, stjórnanda sérkennslu og aðstoðarskólastjóra, en það er óformlegt samráð um nemendamál og úrræði fyrir nemendur.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs Breiðholtsskóla er að vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Ráðið fjallar um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa. Jafnframt fjallar ráðið um skipulag og framkvæmd þjónustu við

nemendur varðandi forvarnarstarf, skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu (Heimasíða, stoðþjónusta).

Það sem vel er gert:

- Deildarstjóri fer með stjórnun sérkennslu og skipuleggur hana í samstarfi við sérkennara.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá.
- Sérkennarar vinna með bekkjarkennurum að gerð einstaklingsáætlana.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Ná samstöðu um tilhögun stuðnings við nemendur.
- Gera heildaráætlun um sérkennslu og stuðning sem endurskoðuð er reglulega.
- Koma á reglulegum fundum með stuðningsfulltrúum.
- Bæta upplýsingarflæði milli kennara og stuðningsfulltrúa.

Skólaþróun og mat

Ekki er gerð sérstök grein fyrir þróunarverkefnum í starfsáætlun en í skólanámskrá frá fyrra ári eru nefnd fjögur verkefni: Fjölbreyttir kennsluhættir, mótun námsmats, PBS og lestur.

Að sögn kennara í rýnihópi eru helstu þróunarverkefni sem unnið hefur verið í skólanum á undanförunum árum Byrjendalæsi og Orð af orði á miðstigi, þar er mikil virkni og allir að taka þátt. PBS verið í gangi í nokkur ár, sérdeildin er einnig þróunarverkefni að mati þeirra svo og leiðavalið á unglingsstigi.

Frumkvæði að skólaþróunarverkefnum getur verið hjá kennurum (t.d. Orð af orði) eða skólastjóra (PBS). Hindranir í vegi fyrir þróun skólastarfs nefna kennarar neikvæðni starfsfólks og þegar „fólk sem ekki er að kenna sjálf segir kennurum hvernig eigi að vinna vinnuna sína“ og „hroki og yfirlæti sérfræðinga“.

Innra mat - umbótaáætlun

Þegar sjálfsmat/innra mat Breiðholtsskóla var metið í úttekt á vegum

Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn hvorki viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir né um framkvæmd sjálfsmats.

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að í skólanámskrá skuli gera grein fyrir aðferðum við innra mat og áherslum og áætlunum um innra mat. Skorkort skólans er birt sem áætlun um innra mat í starfsáætlun ársins á heimasíðu og einnig í skólanámskrá fyrir sl. ár.

Breiðholtsskóli hefur byrjað að setja inn upplýsingar í sjálfsmatskýrslu í Skólaspeglinum fyrir skólaárið 2011-2012 en ekki lokið við gerð skýrslu. Fyrir skólaárið 2012-2013 hefur ekki verið unnin skýrsla um innra mat í Skólaspeglinum. Niðurstöður um innra mat eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans né á öðrum opinberum vettvangi eins og aðalnámskrá grunnskóla (2011) kveður á um.

Innra mat skólans er símat, segir í samnefndum kafla í Starfsáætlun skólans. Þá er með hjálp Skólapúlsins fylgst reglulega með stöðu nemenda í skólanum. Með reglubundinni skoðun á stöðu nemenda í Mentor er einnig metin staðan fjórum sinnum á skólaárinu. Jafnframt er sett fram skorkort yfir helstu umbótaþætti sem stefnt er að í skólanum og mældir í lok skólaárs (Starfsáætlun. Innra mat).

Leitað er eftir viðhorfum og líðan nemenda í gegnum Skólapúlsinn. Niðurstöður kannana sem framkvæmdar eru af Reykjavíkurborg og skóla- og frístundasviði virðast nýttar í innra mati. Ekki er ljóst miðað við gögn frá skólanum hvernig innra matið tengist markmiðum skólans eins og þau eru sett fram í skólanámskrá (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Umbótaáætlun Breiðholtsskóla fyrir skólaárið 2012-2013 liggur fyrir við matið. Í kaflanum nýbreytni og þróunarstörf eru tilgreind fimm verkefni sem unnið er að á árinu: Líðan nemenda; Starfsandi; Læsi; Útinám og Endurskoðun skólanámskrár. Skorkort fylgir þar sem sett eru fram markmið, hvernig árangur verður mældur, viðmið og aðgerðir. Ekki kemur fram hver ber ábyrgð á einstökum verkefnum.

Í rýnihóp með kennurum kom fram að teymi um innra mat var sett á laggirnar á þessu skólaári en kennarar vita lítið um starfsemi þess. Þeir telja að skólastjórar beri ábyrgð á innra mati.

Það sem vel er gert:

- Markvisst hefur verið unnið að þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og Orði af orði með góðri þátttöku kennara.
- Leitað er eftir viðhorfum og líðan nemenda í gegnum Skólapúlsinn.
- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bent er á að samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla er skólum skylt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.
- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta hana í skólanámskrá.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Leita leiða til að auka jákvæðni kennara til þróunar og umbótaverkefna.
- Skilgreina betur þau verkefni sem unnið er að og marka framfarir í skólastarfi.
- Tengja innra mat við markmið skólans eins og þau eru sett fram í skólanámskrá.
- Gera grein fyrir niðurstöðum innra mats með opinberum hætti.

Virk upplýsingamiðlun

Í Breiðholtsskóla er skráninga- og upplýsingakerfið Mentor.is notað til upplýsingamiðlunar. Á mentor.is geta foreldrar séð dagskrá barna sinna, ástundun, námsáætlanir, heimavinnu, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal og fleira. Við lok hvorrar annar eru foreldraviðtöl með nemanda og foreldrum. Í rýnihópi foreldra kemur þó fram að sumir kennarar boði aðeins foreldra til viðtals.

Í foreldrakönnun 2012 sögðust 67% foreldra barna í skólanum vera ánægð með almenna upplýsingagjöf frá skólanum, sem er undir meðaltali Reykjavíkur (78%). Um 71% svarenda voru ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans miðað við 74% meðaltal annarra skóla.

Ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið (87%) var aðeins meiri en í skólum borgarinnar í heild (82%) en ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekk (55%) er minni en hjá heild skóla (65%).

Að mati foreldra í rýnihópi koma almennt góðar upplýsingar frá kennurum en almennar upplýsingar og heildarupplýsingar um skólastarfið mættu vera betri.

Á þessu skólaári hefur verið tekin upp útgáfa fréttabréfs Breiðholtsskóla, tvö fréttabréf skólans eru birt á heimasíðunni og eintök send heim inn á hvert heimili nemenda. Þessi útgáfa hófst í vetur. Þriðja fréttablaðið sem kemur út í lok vetrar er mun stærra og eingöngu birt á heimasíðu skólans en prentað út í nokkrum eintökum.

Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir

Skólanámskrá á heimasíðu skólans er merkt skólaárinu 2011-2012. Þar kemur fram að byggt er á aðalnámskrá grunnskóla og tengill í hana fylgir. Í skólanámskrá koma fram upplýsingar um stefnu skólans, starfsemi hans frá stofnun og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.

Birt er námsyfirlit fyrir hvern árgang í 1.-7. bekk eftir námsgreinum þar sem tilgreind eru markmið og áherslur ásamt helstu leiðum og námsefni sem notað verður til að ná markmiðum, stutt umfjöllun er um námstilhögun, ábendingar til foreldra og námsmat í hverjum árgangi. Í unglingsdeild eru birt sýnishorn af námsáætlunum fyrir fimm leiðir í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði sem nemendur geta valið um í samráði við kennara og forráðamenn.

Við matið lágu fyrir sýnishorn af námsáætlunum nemenda í öllum árgöngum. Þær eru í flestum tilvikum gerðar fyrir eina önn og þar eru viðfangsefni hverrar námsgreinar sett niður á vikur og tilgreint hvað á að vinna í skólanum og hvað heima. Í 1. bekk eru áætlanir fyrir hverja viku.

Upplýsingar um flest sem birtast á í skólanámskrá skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011 er að finna á heimasíðu (sjá nánar í meðfylgjandi gátlista um skólanámskrá í fylgiskjali 4).

Starfsáætlun Breiðholtsskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans. Þegar starfsáætlun var yfirfarin á fagskrifstofu grunnskóla SFS vorið 2012 taldist hún að mestu í samræmi við grunnskólalög nr.91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur (sjá nánar í meðfylgjandi gátlisti um starfsáætlun í fylgiskjali 5).

Samkvæmt könnun á viðhorfum foreldra 2012 hafa 34% foreldra tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu sínu sem er aðeins herra en í meðaltali skóla í borginni í heild. Það er hlutfallsleg fjölgun frá því að könnunin var síðast lögð fyrir árið 2010. Aðspurðir um hversu mikilvægt eða lítilvægt þeim finnst að gera námsáætlun með barninu sínu svara 65% því til að þeim finnst það mikilvægt. Nemendur í rýnihópum segjast ekki gera eigin námsáætlanir.

Heimasíða

Heimasíða Breiðholtsskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Þar er að finna þær upplýsingar sem skv. gátlista er ætlast til að birtist þar. Ekki er ljóst í öllum tilvikum hvort upplýsingar eru nýjar og réttar, en töluvert að skjölum á síðunni eru frá árinu 2008 og e.t.v. ekki í samræmi við núverandi skólastarf.

Upplýsingar eru á síðunni um skólann, stefnu hans, markmið og starfsáætlun, skólareglur og viðbrögð við agabrotum, skólaráð og foreldrafélag, sérkennslu, móttöku innflytjenda, þróunarverkefni og mötuneyti svo eitthvað sé nefnt. (sjá frekar í fylgiskjali nr. 6: Gátlisti um heimasíðu).

Í foreldrakönnun 2012 voru um 73% svarenda ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans miðað við 74% meðaltal annarra skóla.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Í Breiðholtsskóla hefur verið unnin forvarnarstefna þar sem meðal annars koma fram markmið sem snúa að því að hvetja nemendur til að fylgja manneldismarkmiðum varðandi mataræði og áherslu á fræðslu um skaðsemi tóbaks sem er í samræmi við stefnu borgarinnar um heilbrigðan lífsstíl.

Ekki kemur fram í fyrirliggjandi gögnum að sérstaklega hafi verið unnið að því að efla umhverfisvitund meðal nemenda eða starfsmanna eða að markmiðum um vistvænt skólaumhverfi.

Öryggisþættir

Eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og hangir uppi í öllum kennslurýmum. Rýmingaráæfing er haldin árlega. Ennfremur liggja fyrir viðbragðsáætlanir vegna heimsfaraldurs influensu og vegna óveðurs.

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggisnefnd við skólann eða áhættumat.

Það sem vel er gert:

- Ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið (87%) var aðeins meiri en í skólum borgarinnar í heild
- Starfsáætlun Breiðholtsskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er í samræmi við kröfur.
- Fréttabréf skólans eru birt á heimasíðu og eintök send inn á hvert heimili.
- Heimasíða Breiðholtsskóla er aðgengileg og þar er að finna nær allar upplýsingar sem þar eiga að vera.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Auka almennar upplýsingar og heildarupplýsingar um skólastarfið til foreldra.
- Skólanámskrá á heimasíðu er merkt skólaárinu 2011-2012.
- Töluvert af skjölum á heimasíðu eru frá árinu 2008 og e.t.v. ekki í samræmi við núverandi skólastarf.
- Efla umhverfisvitund meðal nemenda eða starfsmanna og móta markmið um vistvænt skólaumhverfi.

- Birta upplýsingar um áhættumat og öryggiseftirlit í skólanum.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 73 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 64 stöðugildum, þar af kennarar í 42,91 stöðugildi.

Breiðholtsskóli hefur komið nokkuð vel út í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár en niðurstöður í nýjustu könnuninni frá nóvember 2011 voru lakari í öllum þáttum, nema einum, sem könnunin tekur til.⁵ Ný viðhorfskönnun var lögð fyrir í apríl 2013 en niðurstöður lágu ekki fyrir við gerð matsins. Í könnuninni sem gerð var í nóvember 2011 mældust 14 af þeim 18 þáttum sem spurt er um á starfhæfu bili með gildi á bilinu 6,0-7,9, tveir þættir voru á aðgerðarbili með gildi á bilinu 2,5-5,6 og tveir þættir voru á styrkleikabili með gildið 8,1.⁶ Þegar niðurstöður viðhorfskönnunar Reykjavíkurborgar frá 2011 eru skoðaðar ber að hafa í huga að nýr skólastjóri tók til starfa í Breiðholtsskóla í ágúst 2012.

Breiðholtsskóli tók þátt í starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins í mars 2013. Könnunin var send á starfsmenn skólans eftir netfangalista sem skólinn lagði fram, en hluti könnunarinnar var aðeins lagður fyrir kennara. Svarhlutfall í könnuninni var 83%, en 59 af þeim 71 sem könnunin var lögð fyrir svöruðu. Spurningarnar í starfsmannakönnun Skólapúlsins eru flestar samhljóða spurningum í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2011 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ gildið 7,5 og lækkaði úr 8,3 frá 2009. Þess ber að geta að þessi spurning kom mun betur út í könnuninni 2009 en 2008, þegar gildið var 7,2. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins voru 79% þátttakenda frekar eða mjög sammála fullyrðingunni, 14% voru frekar ósammála og 7% mjög ósammála.

Fullyrðingin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 7,2 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar sem er mun lægra en í könnuninni 2009 þegar gildið var 8,6 og töluvert lægra en það var 2008 eða 7,8. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins voru 42% þátttakenda frekar eða mjög ósammála sömu fullyrðingu. Fullyrðingin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar míns“ fékk gildið 6,9 og hefur lækkað frá 2009 en 67% svarenda voru sammála þeirri fullyrðingu. Um 64% svarenda eru sammála því að þeir hafi sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að nokkurrar óánægju og þreytu gætir í starfsmannahópnum, „svolítið mikið nöldrað hérna úti í hornum“. Viðhorf kennara í rýnihópum á yngra og eldra stigi voru ólík. Í rýnihópi kennara á yngra stigi kom fram að starfsumhverfið væri erfitt, of mikið álag væri á kennurum sem leiddi til mikillar þreytu og þungs starfsanda. Starfsfólk skólans væri ekki allt að stefna í sömu átt og það vantaði ákveðna samfellu í nám nemenda í skólanum. Í rýnihópi kennara á eldra stigi var meiri jákvæðni, þar

⁵Svarhlutfall í könnuninni var 72% árið 2011.

⁶Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 8,0 eða hærra, starfhæft bil 6,0-7,9 og aðgerðabil 5,9 eða lægra.

kom fram að samskipti væru opin og mikil jákvæðni væri gagnvart samvinnu kennara, aðallega innan hvers stigs. Þátttakendur voru sammála um að mjög jákvæður andi væri í skólanum gagnvart nemendum og hverfinu í heild. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðu að starfsandinn í skólanum væri mjög góður og fólk bæri umhyggju hvert fyrir öðru, „ég hlakka alltaf til að koma í vinnuna, finnst voða gott að vinna hérna“. Fólk myndaði smærri hópa, margir væru með sömu áhugamál og ættu vini í starfsmannahópnum, „ég á svona mitt fólk hérna, fólk sem mér þykir voða vænt um...ég er kannski ekki í miklum samskiptum við hina þó maður segi góðan daginn“. Í öllum rýnihópum kennara og starfsfólks var talað um að samskipti á vinnustaðnum væru góð og að í skólanum starfaði gott fólk sem væri helsti styrkleiki hans. Félagslíf meðal starfsfólks væri nokkuð gott, m.a. væru nokkrir klúbbar starfandi. Fram kemur jafnframt að þeir eru lokaðir þannig að starfsmenn sem hafa unnið í 8 ár í skólanum eða skemur eiga ekki greiða leið inn í þessa klúbba. Reynt var að stofna nýja klúbba í vetur t.d. kvikmyndaklúbb fyrir fólk sem fer saman í bíó.

Í rýnihópi millistjórnenda kom fram að eftir hrunið hefði komið ákveðið óöryggi í starfsmannahópinn sem hefði smitað út frá sér, „fólk er ekki alveg eins visst um sína stöðu“. Jákvæðnin, sem að þeirra mati einkenndi skólann áður, hefur minnkað, fólk kvartar yfir of miklu álagi og of lágum launum og að erfitt sé að mæta kröfum um skóla án aðgreiningar. Einnig töluðu millistjórnendur í rýnihópi um að starfsfólk væri enn að finna taktinn með nýjum stjórnanda og sumir væru hræddir við breytingar sem fylgdu nýjum hugmyndum og áherslum. Í skólanum hefur ákveðinn kjarni starfsmanna starfað saman í mörg ár og millistjórnendur hafa unnið lengi saman. Vinnutími kennara og skólaliða er mismunandi, þannig að almennt starfsfólk er t.d. ekki í kaffi á sama tíma og kennarar en samskiptin innan starfsmannahópsins í heild eru góð. Fulltrúar starfsfólks í sérkennslu í rýnihópi sögðu að engin stéttaskipting væri í skólanum og að fólk væri gott hvert við annað. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að þeir erlendu starfsmenn sem ekki tala íslensku væru félagslega einangraðir og erfitt væri að eiga samskipti við þá. Þeir hefðu ekki haft tækifæri til að fara á íslenskunámskeið, þar sem borgin byði ekki upp á þau fyrr en að vori, þegar þetta starfsfólk væri að hætta störfum.

Í viðhorfskönnuninni frá 2011 fékk fullyrðingin „Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki“ gildið 7,9 sem er rétt undir meðaltali á sviðinu. Um 86% svarenda í starfsmannakönnun Skólapúlsins voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni og enginn mjög ósammála. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðu að vel væri tekið á móti nýju starfsfólki, „gott að koma hér...tekið vel á móti manni hér“. Hins vegar væri brotalöm þegar kæmi að því að láta vita að nýtt starfsfólk væri að hefja störf, það væri sendur út póstur, en það væri ekki nóg.

Þegar spurt var að því í rýnihópum hverjir væru helstu styrkleikar skólans var þetta nefnt:

- Starfsfólkið og mannauðurinn í skólanum.
- Samheldið starfsfólk.
- Reyndir kennarar sem kunna sitt fag vel.
- Góðir kennarar í unglingadeildinni.
- Góð unglingadeild.
- Jákvætt viðhorf kennara til nemenda og hverfisins í heild.
- Staðsetningin í hverfinu, flott umgjörð um skólann og lítil bílaumferð.
- Góð samskipti við grenndarsamfélagið.

Eftirtalin atriði voru talin upp sem þættir sem mætti bæta:

- Húsnæði og búnaður er í niðurníðslu og vantar kennslutæki.

- Neikvætt viðhorf hluta starfsfólks til breytinga á starfsháttum og nýjunga í skólastarfinu.
- Vantar fagstjóra og deildarstjóra.
- Vantar fleira starfsfólk (gangaverði).
- Mikið álag á skólaliðum og kennurum , m.a. vegna funda.
- Vantar meiri samfellu í nám barnanna í skólanum.
- Vantar meiri hvatningu og endurgjöf til kennara og starfsfólks.
- Vantar úrræði varðandi nemendur með aga- og hegðunarvandamál.
- Vantar meiri stuðning fyrir nemendur sem líður illa í skólanum.
- Efla þarf bókasafn skólans, auka opnunartíma þess og endurnýja bókakost.
- Vantar söngkennslu, danskennslu og tölvukennslu í skólanum.
- Æskilegt væri að lengja matartíma nemenda.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir nemendur í matsal og draga úr umgangi og ónæði á matartíma.

Samstarf

Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2011 fékk fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 7,9 en 76% voru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu í könnun Skólapúlsins . Fullyrðingin „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ fékk gildið 7,4 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar en 84% svarenda í könnun Skólapúlsins voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni.

Í rýnihópum kennara kom fram að samstarf innan stiga væri gott en hins vegar væri lítið samstarf milli stiga. Sérgreinakennarar og íþróttakennarar kenna á öllum stigum og í rýnihópum kom fram að þeir yrðu mjög varir við þessa einangrun.

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Stjórnendateymi skólans hefur reynt að halda reglulega fundi einu sinni í viku, en í því eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skrifstofustjóri, deildarstjóri sérkennslu og umsjónarmaður fasteigna. Á fundunum er farið yfir skólapróun, skóladagatal, málefni líðandi stundar, mál einstakra nemenda og skipulag. Aðstoðarskólastjóri sendir fréttabréf í tölvupósti tvisvar til þrisvar í mánuði til allra í stjórnendateyminu með upplýsingum um það sem efst er á baugi hverju sinni. Almennir starfsmannafundir fyrir allan starfsmannahópinn eru fyrsta þriðjudaginn í hverjum mánuði. Dagskrá er send út fyrir fundina og fundargerð rituð. Hluti skólaliða hefur lokið sínum vinnudegi þegar starfsmannafundir eru og ef efni fundanna snertir ekki þeirra starfssvið er ekki gerð krafa um að þeir mæti. Sama á við um yfirmann mötuneytis og húsvörð, þeir mæta ekki alltaf á starfsmannafundi. Í rýnihópum kennara kom fram ákveðin gagnrýni á starfsmannafundina, þeir væru of stórir og efni fundanna ætti yfirleitt aðeins erindi við hluta starfsfólks.

Stigsfundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Í rýnihópi kennara á eldra stigi kom fram mikil ánægja með stigsfundina, kennurum finnst þeir vera markvissir, efni fundanna liggur fyrir í dagskrá fundarins, tímamörk eru virt og fundargerð er rituð. Fram kom í rýnihópnum að fjölga mætti stigsfundum því þeir væru heppilegur vettvangur til að deila hugmyndum um kennsluaðferðir, námsefni og verkefni. Einnig kom fram að kennarafundir væru mjög sjaldan og að óskað hefði verið eftir við stjórnendur að breyta því en sú tillaga hefði ekki fengið góðar undirtektir.

Ýmis teymi eru starfandi í skólanum, t.d. útikennsluteymi, PBS-teymi, eineltisteymi, menningarteymi og upplýsingateymi. Nýr skólastjóri hefur lagt áherslu á að koma

teymisvinnu meira að í skólastarfinu til að virkja starfsmannahópin enn frekar til virkrar þátttöku í endurskoðun á starfi skólans og skólanámskrá. Teymin funda í hverri viku en fundargerðir eru ekki skrifaðar.

Á miðvikudagsmorgnum eru stuttir, vikulegir fundir fyrir allan starfsmannahópin, *Á döfinni*. Það er vettvangur fyrir stjórnendur til að koma á framfæri tilkynningum og skilaboðum til alls hópsins um það sem framundan er í starfinu og ef taka þarf sérstaklega á málum einhverra nemenda.

Annan hvern þriðjudag eru leiðtogafundir en leiðtogahópurinn samanstendur af tveimur fulltrúum kennara á yngra stigi, einum af miðstigi, einum af unglingsstigi og einum fulltrúa kennara í list- og verkgreinum sem funda með skólastjóra. Hlutverk leiðtoganna er að miðla upplýsingum til stjórnenda um það sem er að gerast í skólanum og miðla upplýsingum frá stjórnendum til kennara. Á leiðtogafundunum er fyrst og fremst verið að ræða fagleg mál út frá kennslufræðilegu sjónarmiði. Þetta fyrirkomulag var tekið upp að frumkvæði nýs skólastjóra og er enn að festa sig í sessi og þróast.

Deildarstjóri sérkennslu fundar einu sinni í mánuði með þroskaþjálfum og sérkennurum en fram kom í rýnihópi starfsmanna í sérkennslu að stuðningsfulltrúum finnst þeir ekki hafa nógu góðan aðgang að deildarstjóra sérkennslunnar og vildu gjarnan hafa reglulega fundi með honum.

Í rýnihópum kennara kom fram að samskipti væri góð innan kennarahópsins, „allir fúsir til að hjálpa“, en samvinna væri lítil, sérstaklega á milli stiga, þannig að kennarar upplifa ákveðna einangrun. Í viðtali við skólastjóra kom fram að auka mætti samvinnu milli kennara, hver kennari væri með sinn bekk en mjög lítið væri um að kennarar blönduðu bekkjunum saman eða ynnu með nemendur í hópum þvert á bekki.

Kennarar á yngra stigi töluðu um að ákvarðanir væru teknar án umræðu og samráðs við kennarahópin og það vantaði skýra stefnu fyrir skólann varðandi kennsluhætti. Of lítill tími gæfist til að undirbúa kennsluna því það væri allt of mikið af fundum. Þátttakendur í rýnihóp kennara á eldra stigi tóku í sama streng og sögðu að fundir væru of margir og ekki allir nógu markvissir.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að hann hefði aðra sýn á stjórnun en fyrirrennari hans og vildi gjarnan koma á meiri dreifstýringu í skólanum, fela aðstoðarskólastjóra meiri ábyrgð varðandi stjórnun og koma á kerfi leiðtoga úr hópi kennara sem hafa m.a. það hlutverk að vera milliliðir á milli stjórnenda og kennara „á gólfinu“. Verkaskipting á milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er því enn að þróast og mótast. Í viðtali við millistjórnendur kom fram að nýr skólastjóri leiddi faglegt starf í skólanum og að millistjórnendur og annað starfsfólk væri enn að finna taktinn með nýjum stjórnenda.

Í viðhorfakönnuninni 2011 voru 64% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ en 83% þátttakenda í könnun Skólalámskrá voru mjög eða frekar sammála. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar voru 66% sammála fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“ en 76% í könnun Skólalámskrá. Ekki var rætt sérstaklega í rýnihópum um jafnrétti og jafnræði á vinnustaðnum.

Fram kom í rýnihópum kennara og starfsfólks að upplýsingastreymi væri ábótavant, þó það hefði eitthvað batnað frá því sem var. Það er að mestu í samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunar 2011, þar sem fullyrðingin „Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta

starf mitt og/eða vinnustað“ er með gildið 6,6, sem er örlítill lækkun frá 2009 þegar það var 6,8. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins voru 53% mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Upplýsingastreymi í skólanum er gott“ en 22% svarenda er mjög ósammála fullyrðingunni. Millistjórnendur í rýnihópi voru sammála um upplýsingafundirnir *Á döfinni* væru mjög góðir, þar væri vettvangur til að koma upplýsingum og skilaboðum á framfæri til alls starfsmannahópsins í einu. Glærur af þeim fundum eru vistaðar á sameign og eru aðgengilegar fyrir allt starfsfólk skólans. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks töluðu um að þeir fengju ekki nægilegar upplýsingar um nemendur og starfið í skólanum, „höfum svolítið á tilfinningunni að kennurunum finnist þetta bara ekki koma okkur við“. Þó hefði upplýsingagjöfin batnað aðeins, t.d. er nú orðið sendur út póstur ef vart verður við lús í einhverjum bekkjum.

Starfsmenn af erlendum uppruna tala ekki allir íslensku og vegna tungumálaerfiðleika eru samskiptin þeirra við annað starfsfólk minni en ella, auk þess sem vinnutíminn er í einhverjum tilfellum ólíkur, að því er fram kom í rýnihópi starfsfólks og viðtali við yfirmann í mötuneyti og húsvörð.

Starfsmannafélag er starfandi við skólann. Það stendur fyrir hausthátíð, sameiginlegum jólamat, árshátíð, vorferð og fleiri viðburðum. Starfsfólk tekur sig líka saman í smærri hópum og fer saman í bíó, leikhús eða út að borða. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að svokallað áttthagafélag væri einnig starfandi við skólann, en það er félagsskapur kennara sem áður störfuðu við skólann og þeirra sem hafa starfað þar mjög lengi. Að mati þátttakenda í rýnihópnum skemmir áttthagafélagið dálítið fyrir starfsemi starfsmannafélagsins, „stór hópur eldri kennara...er í sér starfsmannafélagi innan þess“. Mæting á síðustu árshátíð var t.d. ekki mjög góð, þar sem margir voru þá nýbúnir að vera á árshátíð áttthagafélagsins, „ég nenni ekkert að vera að skemmta mér með einhverju fólki sem var að vinna hérna fyrir löngu“. Einnig fannst þátttakendum í rýnihópi starfsfólks að mæting á viðburði á vegum starfsmannafélagsins hefði almennt dalað eftir hrún.

Foreldrar í rýnihópi sögðu að sumir kennarar sendu út póst í vikulokin um það sem gerðist í vikunni, en ekki allir. Æskilegt væri að allir kennarar sendu slíka upplýsingapósta og að fleiri jákvæðir póstar kæmu frá kennurum. Upplýsingapóstarnir væru mest um bekkinn í heild, ekki um hvernig barninu þeirra hefði gengið. Þátttakendum fannst skorta meiri almennar upplýsingar um skólastarfið í heild en sögðu að verið væri að bæta heimasíðu skólans.

Það sem vel er gert:

- Samstarf kennara innan stiga er gott.
- Samskipti innan starfsmannahópsins eru almennt góð og fólk er tilbúið til að hjálpa hvert öðru.
- Kennarar á eldra stigi eru mjög ánægðir með stigsfundi og vilja jafnvel fjölga þeim.
- Dagskrá starfsmannafunda er send út fyrir fundi og fundargerð rituð.
- Örfundir á miðvikudögum eru góður vettvangur fyrir upplýsingamiðlun til allra starfsmanna.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Auka samvinnu kennara milli stiga.
- Auka upplýsingagjöf milli kennara og skólaliða.
- Æskilegt að hafa færri og markvissari fundi og afmarka betur efni þeirra svo það eigi erindi við sem flesta á fundinum.
- Auka samráð og umræður innan skólans áður en ákvarðanir eru teknar.
- Deildarstjóri sérkennslu fundi reglulega með stuðningsfulltrúum.

- Almennt starfsfólk fái meiri upplýsingar um starfið í skólanum og nemendur.
- Áttahagafélag fyrrverandi starfsmanna og eldri kennara í skólanum virðist keppa við starfsmannafélagið um hylli starfsfólks og að einhverju leyti spilla fyrir starfsemi þess.

Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni sem lögð var fyrir í nóvember 2011 eru tvær fullyrðingar sem mæla viðhorf til aðbúnaðar og vinnuaðstöðu: „Vinnuaðstaða mín er góð“ og „Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf“. Báðar fullyrðingarnar koma verr út nú en í könnuninni 2009. Um 65% svarenda voru sammála því að þeir hefðu aðgang að nauðsynlegum gögnum og tækjum en aðeins helmingur svarenda, eða 50%, voru sammála því að vinnuaðstaðan væri góð. Sömu fullyrðingar eru í starfsmannakönnun Skólapiólsins, en þar voru 42% mjög eða frekar sammála því að vinnuaðstaðan væri góð og 24% mjög ósammála. Um 45% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að þeir hefðu aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf, sem er talsvert lakari niðurstaða en í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar. Þessar niðurstöður eru í takt við það sem fram kom í rýnihópum og viðtölum en hörð gagnrýni koma fram á ástand húsnæðis og aðbúnað nemenda og starfsmanna í skólanum. Foreldrar í rýnihópi sögðust hafa áhyggjur heilsufari nemenda vegna ástands skólahúsnæðisins og aðstöðu nemenda.

Fram kom í rýnihópi starfsfólks að búnaður á borð við kæla í mötuneytinu væri of lítill miðað við núverandi nemendafjölda, vinnuaðstaðan væri lítil og ekki sér salernisaðstaða eða fataskápar fyrir þá sem vinna í eldhúsinu. Starfsfólk í rýnihópnum talaði líka um að aðstaða fyrir nemendur í matsal væri ekki ásættanleg: „Matsalurinn er alveg til skammar ... þetta er í raun anddyri, þetta er fyrir framan skrifstofuna og það æða allir hér inn á skítugum skónum þar sem börnin borða ... Það er mikil truflun og ónæði af þessum umgangi“. Þátttakendur voru hins vegar sammála um að samkomusalurinn væri góður og skólinn vel staðsettur í hverfinu.

Í rýnihópum kennara kom fram að mikið af búnaði væri ónýtur, starfsaðstæður væru lélegar og það vantaði nýjan kennslubúnað og námsgögn: „Skólinn er mjög aftarlega á merinni gagnvart tæknibúnaði og aðstöðu“; „manni líður stundum eins og Breiðholtsskóli sé einhver afgangur“. Millistjórnendur sögðu að húsið væri í niðurníðslu, bæði að utan og innan, og búnaður lélegur. Einnig kom fram í rýnihópum og viðtölum að tvö salerni eru fyrir alla kvenkyns starfsmenn skólans, en mikill meirihluti starfsmanna eru konur.

Í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu og í viðtali við skólastjóra kom fram að nemendur fá ekki húsgögn við hæfi, „unglingsstrákar hér þurfa að sitja við pínulítill borð“. Starfsfólk í sérkennslu talaði líka um að ekki væri nóg rými fyrir sérkennsluna.

Í rýnihópi foreldra og rýnihópi kennara á eldra stigi kom fram ákveðin gagnrýni á matinn sem boðið er upp á í mötuneytinu, en skoðanir voru þó skiptar um það.

Það sem vel er gert:

- Góður samkomusalur er í skólanum.
- Skólinn er vel staðsettur í hverfinu.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Ráðast þarf í endurbætur á húsnæði skólans að utan og innan.
- Nauðsynlegt er að endurnýja tækjabúnað skólans og kennslugögn.

- Endurnýja þarf húsgögn í kennslustofum svo þau hæfi aldri og stærð nemenda, einkum á unglingsstigi.
- Æskilegt er að bæta aðstöðu í matsal og draga þar úr umgangi á matartíma nemenda.
- Bæta þyrfti vinnuástöðu starfsfólks í eldhúsi og hafa búnað í samræmi við þann fjölda sem eldað er fyrir.

Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólustjóra mótast hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár“. Í 4 mgr. segir enn fremur: „Kennarar og skólustjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að starfsmenn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar skuli eiga rétt á starfsþróunarsamtölum a.m.k. árlega.

Við matið liggur fyrir símenntunaráætlun Breiðholtsskóla fyrir skólaárið 2012-2013. Þar kemur fram hvaða áherslur eru í símenntun fyrir skólann í heild og einnig hvaða símenntun er í boði fyrir kennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða og annað starfsfólk skólans. Megináherslur í símenntun kennara 2012-2013 miða að því að efla læsi hjá öllum nemendum skólans með fræðslu um kennsluáferðir *Byrjendalæsis* og *Orðs af orði*. Annar áhersluþáttur í símenntunaráætlun sem nær til allra starfsmanna er að efla útinám í skólanum, m.a. með því að opna augu starfsfólks fyrir möguleikum Elliðaárdals. Þriðji áhersluþátturinn í símenntunaráætlun skólans tengist verkefninu *Vinsamlegt samfélag*, sem miðar að því að bæta líðan nemenda í skólanum. Auk námskeiða og fyrirlestra sem tengjast þessum þremur áhersluþáttum er gert ráð fyrir skyndihjálparnámskeiðum fyrir alla starfsmenn og námskeiðum og fyrirlestrum sem ætlaðir eru stjórnendum.

Á heimasíðu Breiðholtsskóla eru tvö þróunarverkefni nefnd, PBS-kerfi til stuðnings við jákvæða hegðun og lestrarátaki á miðstigi. Í rýnihópum kennara kom fram að þróunarverkefnið *Byrjendalæsi* væri í gangi á yngsta stigi og *Orð af orði* á miðstigi. Kennarar á yngra stigi í rýnihópi sögðu að *Byrjendalæsi* hefði ekki komist almennilega af stað, það færi of mikill tími í fundarsetu þannig að ekki gæfist tími til að festa verkefnið í sessi. Almennt er að þeirra mati ekki nægur tími fyrir skólaþróun og þeim finnst vera byrjað á of mörgum skólaþróunarverkefnum sem síðan er ekki haldið áfram með. Kennarar á miðstigi í rýnihópi voru hins vegar mjög ánægðir með *Orð af orði* og sögðu að það væri mikil virkni í því verkefni. Allir tækju þátt í því enda væri það raunhæft tæki í kennslu og skemmtilegt. PBS-kerfið hefur verið í gangi í nokkur ár, en þátttakendur í rýnihópum kennara og starfsfólks voru sammála um að það væri í dálítilli lægð, ekki væri einhugur um kerfið innan skólans og það væri að renna út í sandinn.

Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðu að þeim stæði til boða að sækja einhvern námskeið, en nefndu ekki dæmi um þau og töldu að það væri í raun ekki svigrúm til að sækja námskeið á vinnutíma, þar sem ekki væri gert ráð fyrir neinni afleysingu.

Í viðhorfskönnun 2011 svöruðu 88% þátttakenda að þeir hefðu fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförunum 12 mánuðum. Um 76% svarenda töldu að fræðslan eða þjálfunin hefði nýst vel í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 65% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan. Um 45% taldi að viðtalið hefði verið gagnlegt en 18% sögðu það ekki gagnlegt. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að starfsfólk vildi gjarnan fara í starfsþróunarsamtal, „mér fyndist voða gott að fara“. Fyrirverandi

skólastjóri hefði boðið starfsmönnum að panta tíma fyrir starfsþróunarsamtal, en fólk hefði ekki verið boðað í viðtal. Skólastjóri sagði í viðtali að til staði að fara af stað með starfsþróunarsamtöl á næstu vikum og í rýnihópi millistjórnenda kom fram að millistjórnendur myndu taka einhver starfsþróunarsamtöl við sína næstu undirmenn.

Aðeins 42% svarenda í viðhorfskönnuninni 2011 voru því sammála að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma og 41% svarenda í könnun Skólapúlsins voru því mjög eða frekar sammála. Á heimasíðu skólans er ferill fyrir móttöku nýrra starfsmanna þar sem fram kemur hver ber ábyrgð á hverju og hvað eigi að gera þegar nýr starfsmaður hefur störf í Breiðholtsskóla. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að misbrestur væri á því að nýir starfsmenn væru kynntir fyrir nemendum og starfsfólki: „Maður veit ekki einu sinni að það er kominn inn nýr starfsmaður“. Þó kom fram að alltaf væri sendur út tilkynning í tölvupósti en þátttakendum í rýnihópnum þótti það ekki nóg og lögðu til að koma nýrra starfsmanna væri tilkynnt á upplýsingaskjá skólans og að farið væri inn í stofur til að láta nemendur vita.

Það sem vel er gert:

- Mikil ánægja meðal kennara á miðstigi með þróunarverkefnið Orð af orði.
- Símenntunaráætlun skólans liggur fyrir og endurspeglar áherslur í símenntunarmálum.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Æskilegt er að gefa meiri tíma til að sinna þróunarverkefnum og festa þau í sessi áður en byrjað er á nýjum verkefnum.
- Ákveða hvort halda eigi áfram með PBS-verkefnið innan skólans.
- Þjóða öllum starfsmönnum upp á markviss starfsþróunarsamtöl á hverju ári.
- Endurskoða starfslýsingar fyrir alla starfsmenn skólans.
- Bæta móttöku og þjálfun nýliða og standa betur að kynningu á nýju starfsfólki fyrir nemendum og starfsmönnum.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir í nóvember 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans neikvæðari en í viðhorfakönnunni 2009 og nokkuð lægri en meðaltalið á sviðinu. Hafa ber í huga að könnunin var gerð áður en nýr skólastjóri tók við skólanum og endurspeglar svörin því viðhorf til stjórnunar í tíð fyrrverandi skólastjóra. Fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fékk gildið 6,3, en 56% svarenda voru henni sammála. Þetta er töluverð lækkun frá fyrri könnun þegar fullyrðingin fékk gildið 7,5.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var hins vegar gerð eftir að nýr skólastjóri hóf störf. Í þeirri könnun var helmingur svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ en 16% voru því mjög ósammála. Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2011 voru 75% svarenda voru sammála fullyrðingunni „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“ og 68% svarenda sögðust ánægðir með samskiptin við yfirmann. Í könnun Skólapúlsins var sama hlutfall, eða 68% þátttakenda, mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Ég er ánægð/ur með samskiptin við yfirmann minn“. Fullyrðingin „Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum“ kom verr út í viðhorfskönnuninni 2011 en 2009 og lækkaði úr 7,4 í 6,3. Niðurstaðan í könnun Skólapúlsins er aðeins lakari, en 46% svarenda voru sammála því að þeir fengju hvatningu frá yfirmanni sínum, en 50% voru því sammála í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2011.

Í viðhorfskönnunni 2011 er gildi fullyrðingarinnar „Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf“ 5,4 og lækkar um tvo heila frá síðustu könnun 2009 en 50% svarenda voru sammála fullyrðingunni. Hlutfallið er enn lægra í starfsmannakönnun Skólapulssins frá 2013 en aðeins 32% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Það er í ágætu samræmi við það sem fram kom í rýnihópum og viðtölum. Í rýnihópum kom fram mjög mismunandi viðhorf til stjórnenda. Einkum greindi mikið á milli í rýnihópi kennara á yngra stigi annarsvegar og kennara á eldra stigi hins vegar. Í rýnihópi kennara á yngra stigi var neikvætt viðhorf til skólastjóra, kennarar sögðust ekki finna fyrir stuðningi skólastjóra við yngsta stigið. Stjórnendur tækju ekki við boltanum þegar kennarar kæmu til þeirra með agamál þannig að PBS kerfið væri ekki að virka sem skyldi. Einnig kom fram óánægja með viðhorf og viðmót stjórnanda, einkum skólastjóra, stjórnendur tækju ákvarðanir án samráðs við fólk og hlutirnir væru ekki til umræðu. Þátttakendum í rýnihópnum fannst stjórnendur gera lítið úr sér og þeim vandamálum sem þeir leituðu til stjórnenda með.

Í rýnihópi kennara á eldra stigi var meiri jákvæðni í garð stjórnenda. Þátttakendur í rýnihópnum sögðu að nýi skólastjórinn væri enn að átta sig á skólanum og skólameningunni en leist vel á það sem hann hefði þegar hrint í framkvæmd. Gott aðgengi væri að stjórnendum og samstarfið milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra væri ljúft og þægilegt, „vinna fallega og vel saman“. Þátttakendur í rýnihópnum sögðust upplifa hlýju í sinn garð frá stjórnendum, þeim væri umhugað um að starfsfólki liði vel og væru tilbúnir til að hjálpa ef á þyrfti að halda. Í rýnihópi starfsfólks kom líka fram að aðgengi að stjórnendum væri gott, „það er opið inn til þeirra beggja...alltaf opið inn til Jónínu og Önnu Siggu“. Þátttakendur í rýnihópnum sögðust enn ekki hafa kynnst nýja skólastjóranum, en alltaf væri hægt að leita til aðstoðarskólastjóra og það væri mjög gott að leita þangað, „rosalega gott að tala við hana“.

Í rýnihópi millistjórnenda kom fram að nýr skólastjóri væri enn að kynnast starfinu og setja sig inn í aðstæður en hann væri ófeiminn við að segja hvað honum líkar og hverju hann vill breyta. Millistjórnendur skólans hafa starfað mjög lengi saman og innan hópsins ríkir mikið traust og samkennd. Aðstoðarskólastjóri taldi að aðgengi að sér væri mjög gott, bæði fyrir nemendur, kennara og foreldra; „ég er með galopna skrifstofu, þó ég segi sjálf frá“.

Fram kom í rýnihópnum að stjórnendur væru ekki duglegir við að hrósa starfsfólki. Skólastjóri tók í sama streng í viðtali og sagðist ekki vera mjög duglegur að hrósa starfsfólki eða veita kennurum endurgjöf á kennsluna, „Ég hrósa ekki bara af því að þú ert svo frábær heldur fyrir það sem þú ert að gera“. Hann hefði ekki getað gefið sér tíma til að fara mikið inn í kennslustundir til að fylgjast með kennslunni og hefði orðið var við ákveðna mótstöðu kennara gagnvart slíkum heimsóknum: „sko þegar ég kem inn þá svona stoppar allt, þegar ég kom inn í gamla skólanum mínum þá tók engin eftir því ég gat hafa verið þarna án þess að nokkur hafi tekið eftir mér og það var líka miklu auðveldara að fara inn, þetta var opið rými...“.

Í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með samskipti við stjórnendur þó ekki væri komin mikil reynsla af samskiptum við nýjan skólastjóra: „Eins og er verið að vinna flott starf til að koma málum á réttan kjöl“. Þátttakendur í hópnum töluðu um að ákveðin deyfð hefði einkennt skólann og kennsluna undanfarin ár en bundu vonir við að nýr skólastjóri myndi hleypa meiri krafti í starfið.

Í rýnihópnum nemenda á yngsta stigi kom fram að nemendur þekktu skólastjóran vel: „Skólastjórinn sést þegar eitthvað gerist og svo líka stundum úti og þegar krakkar eru

skammaðir... þeir koma í kennslustund til að gefa áttavita eða til að skamma einhvern“. Nemendur á miðstigi í rýnihópi sögðust ekki þekkja nýja skólastjórann vel, því hann væri nýbyrjaður, en aðstoðarskólastjórann þekktu þau vel; „Þeir koma stundum í stofurnar að segja manni eitthvað. Stundum kemur skólastjórinn á morgnana þegar kennarinn er ekki komin og hann kemur líka stundum út í frímínútur“.

Skólastjórinn sagðist ekki funda mikið með nemendum en taldi að þeir þekktu sig almennt og kæmu til sín ef þeim lægi eitthvað á hjarta. Hann sagðist hafa áhuga á að innleiða meiri gleði í skólastarfið og hafa fasta liði eða viðburði í skólanum sem vektu tilhlökkun hjá nemendum. Haustið 2012 hefði í fyrsta skipti í langan tíma verið formleg skólasetning og í jólamatnum þjónuðu stjórnendur og kennarar nemendum til borðs; „bara með jólasveinahúfur og krakkarnir sögðu: „Þetta er eins og á 5 störfu hóteli!“ Það þarf ekkert mikið til að gleðja börn“.

Það sem vel er gert:

- Gott aðgengi er að stjórnendum og þeir eru sýnilegir í skólanum.
- Kennarar á eldra stigi finna fyrir stuðningi og hlýju frá stjórnendum.
- Mikið traust og samkennd er í hópi millistjórnenda.
- Foreldrar eru ánægðir með samskiptin við stjórnendur.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Nauðsynlegt er að skapa traust á milli skólastjóra og kennara og bæta samskiptin.
- Æskilegt er að skólastjóri veiti kennurum endurgjöf á störf þeirra og fari meira inn í kennslustundir til að fylgjast með kennslunni.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2013 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Skóla- og frístundasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Skóla- og frístundasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Breiðholtsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Breiðholtsskóla fyrir árið 2012 voru að upphæð 535.3 millj. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 543.2 millj. kr.

Það sem vel er gert:

- Breiðholtsskóli skilaði rekstraráætlun á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Tækifæri til umbóta

- Útgjöld árið 2012 voru yfir mörkum heildarfjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar:

Alls 82% heimsótttra kennslustunda voru metnar góðar eða frábærar. Framfarastuðlar nemenda skv. samræmdum prófum sýna eðlilegar og stundum góðar framfarir. Ánægja foreldra með stjórnun skólans hefur þegar aukist og þeir bera miklar væntingar til starfa nýs skólastjóra.

Veikleikar:

Viðhorf hluta kennarahópsins til skólaþróunar og breytinga virðast neikvæð. Ekki ríkir fullt traust milli kennarahópsins og nýs skólastjóra. Nemendur fá of fáar vikustundir í list- og verkgreinum. Viðhald húsnæðis og búnaðar hefur ekki verið sem skyldi.

Ögranir:

Skólastjóri þarf að setja skýrt fram sína sýn og hugmyndir um skólastarfið og ná samstöðu um þær meðal kennara og millistjórnenda. Ánægja foreldra með nám og kennslu er undir meðaltali sambærilegra skóla. Félagsleg staða nemenda í hverfinu kallar á sérstök viðbrögð í skólanum. Bæta þarf aðbúnað, kennslutæki og -gögn.

Tækifæri:

Nýr skólastjóri hefur metnað til að veita skólanum faglega forystu og marka nýtt upphaf í skólastarfinu. Vinna þarf að því að bæta árangur nemenda í samræmdum prófum. Efla list- og verkgreinar og bæta við tíma nemenda í þeim. Efla starfsemi skólasafnsins og kennslu í upplýsinga- og tæknimennt.

Samantekt og tækifæri til umbóta

Skólastarf

Námsárangur

Það sem vel er gert:

- Árangur í 7. bekk í íslensku hefur oft verið mjög góður og sum ár einnig í stærðfræði.
- Framfarastuðlar í 7. bekk sýna eðlilegar og stundum góðar framfarir nemenda.
- Niðurstaða nemenda í lesskimun er yfirleitt góð, Talnalykill hefur einnig oft komið vel út.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bæta má árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum.

Stjórnun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Nýr skólastjóri hefur metnað til að veita skólanum faglega forystu.
- Skipurit og starfslýsingar liggja fyrir.
- Fundaplan er gefið út fyrir skólaárið þar sem fram koma allir fastir fundir kennara og annars starfsfólks.
- Ánægja með stjórnun skólans er mun meiri meðal foreldra nú en fyrir ári síðan samkvæmt foreldrakönnun.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Stilla saman áherslur skólastjóra og millistjórnenda.
- Endurskoða starfslýsingar.
- Auka vikulegan kennslutíma nemenda í list- og verkgreinum til samræmis við viðmiðunarstundaskrá.

Nemendur og líðan

Það sem vel er gert:

- Nemendur sýna námsgreinum áhuga og oft meiri en í öðrum skólum.
- Nemendur og starfsmenn hafa undirritað sáttmála um að leggja sig alla fram um að vinna gegn einelti í skólanum.
- Stjórn nemendafélagsins er virk og áhugasöm.
- Kosið er til stjórnar nemendafélags Lýðræðislegri kosningu.
- Þátttaka nemenda í viðburðum er almennt góð.
- Skólinn notar PBS, heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun til að móta árangursríka umgjörð um aga og umgengni í skólanum.
- Skólareglur eru skýrar og sýnilegar sem og einkunnarorð skólans.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Mat foreldra á líðan nemenda hefur lækkað og nokkuð undir meðaltali annarra foreldra í borginni
- Einelti er meira en í sambærilegum skólum samkvæmt foreldrum og nemendum
- Niðurstöður nemenda samkvæmt skólapúlsum eru ekki nógu góðar á mörgum mikilvægum þáttum sem snúa að líðan nemenda og samsömun við nemendahópinn. Skoða má niðurstöður árganga til að úrbætur verði markvissar.
- Kynna niðurstöður úr skólapúlsum fyrir nemendum og nýta til umræðna með þeim.
- Hlusta enn betur á tillögur og hugmyndir frá nemendafélaginu.
- Virkja alla starfsmenn til sameiginlegrar þátttöku í agastjórnun og fara yfir viðbrögð við agabrotum.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Það sem vel er gert:

- Ánægja með stjórnun skólans hefur þegar aukist og foreldrar bera miklar væntingar til starfa nýs skólastjóra.
- Starfsemi skólaráðsins hefur breyst til batnaðar að mati foreldra og er ráðið virkt í umræðu um skólastarfið.
- Verið er að endurskipuleggja foreldrafélagið sem hefur metnaðarfull markmið um foreldrasamstarf.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Ánægja með nám og kennslu er minni en í öðrum skólum
- Mun meiri óánægja er með húsnæði, aðbúnað og skólalóð en í öðrum skólum
- Foreldrar hafa tilfinningu fyrir því að doði og þreyta sé í starfsmannahópnum sem birtist m.a. í umræðu í rýnihópi og óánægju í foreldrakönnun með nám og kennslu og með viðmót starfsfólks til nemenda.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Það sem vel er gert:

- Unnið er að markmiðum aðalnámskrár með fjölbreyttum aðferðum og skólinn leitast við að veita öllum nemendum jöfn tækifæri til náms segir í stefnu skólans.
- Val nemenda í unglingsdeild um misþungar námsleiðir í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.

- Verkefnin eru við hæfi og „krakkar fá að læra eins og þeim finnst best“ segja nemendur á unglíngastigi.
- Námsmat felst í mati á skólafærni og annareinkunn.
- 82% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Auka fjölbreytni í kennsluháttum.
- Auka vikulegan kennslutíma nemenda í list- og verkgreinum til samræmis við viðmiðunarstundaskrá.
- Leita leiða til að taka upp kennslu í tónmennt.
- Efla útikennslu enn frekar.
- Efla starfsemi skólasafnsins.

Skóli án aðgreiningar

Það sem vel er gert:

- Deildarstjóri fer með stjórnun sérkennslu og skipuleggur hana í samstarfi við sérkennara.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem víkja frá.
- Sérkennarar vinna með bekkjarkennurum að gerð einstaklingsáætlana.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Ná samstöðu um tilhögun stuðnings við nemendur.
- Gera heildaráætlun um sérkennslu og stuðning sem endurskoðuð er reglulega.
- Koma á reglulegum fundum með stuðningsfulltrúum.
- Bæta upplýsingarflæði milli kennara og stuðningsfulltrúa.

Skólaþróun og mat

Það sem vel er gert:

- Markvisst hefur verið unnið að þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og Orði af orði með góðri þátttöku kennara.
- Leitað er eftir viðhorfum og líðan nemenda í gegnum Skólapúlsinn.
- Reglulegt mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bent er á að samkvæmt lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla er skólum skylt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs.
- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta hana í skólanámskrá.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og fagmennsku kennara.
- Leita leiða til að auka jákvæðni kennara til þróunar og umbótaverkefna.
- Skilgreina betur þau verkefni sem unnið er að og marka framfarir í skólastarfi.
- Tengja innra mat við markmið skólans eins og þau eru sett fram í skólanámskrá.
- Gera grein fyrir niðurstöðum innra mats með opinberum hætti.

Virk upplýsingamiðlun

Það sem vel er gert:

- Ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið (87%) var aðeins meiri en í skólum borgarinnar í heild
- Starfsáætlun Breiðholtsskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er í samræmi við kröfur.
- Fréttabréf skólans eru birt á heimasíðu og eintök send inn á hvert heimili.
- Heimasíða Breiðholtsskóla er aðgengileg og þar er að finna nær allar upplýsingar sem þar eiga að vera.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Auka almennar upplýsingar og heildarupplýsingar um skólastarfið til foreldra.
- Skólanámskrá á heimasíðu er merkt skólaárinu 2011-2012.
- Töluvert af skjölum á heimasíðu eru frá árinu 2008 og e.t.v. ekki í samræmi við núverandi skólastarf.
- Efla umhverfisvitund meðal nemenda eða starfsmanna og móta markmið um vistvænt skólaumhverfi.
- Birta upplýsingar um áhættumat og öryggiseftirlit í skólanum.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

Það sem vel er gert:

- Samstarf kennara innan stiga er gott.
- Samskipti innan starfsmannahópsins eru almennt góð og fólk er tilbúið til að hjálpa hvert öðru.
- Kennarar á eldra stigi eru mjög ánægðir með stigsfundi og vilja jafnvel fjölga þeim.
- Dagskrá starfsmannafunda er send út fyrir fundi og fundargerð rituð.
- Örfundir á miðvikudögum eru góður vettvangur fyrir upplýsingamiðlun til allra starfsmanna.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Auka samvinnu kennara milli stiga.
- Auka upplýsingagjöf milli kennara og skólaliða.
- Æskilegt að hafa færri og markvissari fundi og afmarka betur efni þeirra svo það eigi erindi við sem flesta á fundinum.
- Auka samráð og umræður innan skólans áður en ákvarðanir eru teknar.
- Deildarstjóri sérkennslu fundi reglulega með stuðningsfulltrúum.
- Almennt starfsfólk fái meiri upplýsingar um starfið í skólanum og nemendur.
- Átthagafélag fyrrverandi starfsmanna og eldri kennara í skólanum virðist keppa við starfsmannafélagið um hylli starfsfólks og að einhverju leyti spilla fyrir starfsemi þess.

Símenntun og starfsþróun

Það sem vel er gert:

- Mikil ánægja meðal kennara á miðstigi með þróunarverkefnið Orð af orði.
- Símenntunaráætlun skólans liggur fyrir og endurspeglar áherslur í símenntunarmálum.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Æskilegt er að gefa meiri tíma til að sinna þróunarverkefnum og festa þau í sessi áður en byrjað er á nýjum verkefnum.
- Ákveða hvort halda eigi áfram með PBS-verkefnið innan skólans.
- Bjóða öllum starfsmönnum upp á markviss starfsþróunarsamtöl á hverju ári.
- Endurskoða starfslýsingar fyrir alla starfsmenn skólans.

- Bæta móttöku og þjálfun nýliða og standa betur að kynningu á nýju starfsfólki fyrir nemendum og starfsmönnum.

Aðbúnaður

Það sem vel er gert:

- Góður samkomusalur er í skólanum.
- Skólinn er vel staðsettur í hverfinu.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Ráðast þarf í endurbætur á húsnæði skólans að utan og innan.
- Nauðsynlegt er að endurnýja tækjabúnað skólans og kennslugögn.
- Endurnýja þarf húsgögn í kennslustofum svo þau hæfi aldri og stærð nemenda, einkum á unglingsstigi.
- Æskilegt er að bæta aðstöðu í matsal og draga þar úr umgangi á matartíma nemenda.
- Bæta þyrfti vinnuástöðu starfsfólks í eldhúsi og hafa búnað í samræmi við þann fjölda sem eldað er fyrir.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Það sem vel er gert:

- Gott aðgengi er að stjórnendum og þeir eru sýnilegir í skólanum.
- Kennarar á eldra stigi finna fyrir stuðningi og hlýju frá stjórnendum.
- Mikið traust og samkennd er í hópi millistjórnenda.
- Foreldrar eru ánægðir með samskiptin við stjórnendur.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Nauðsynlegt er að skapa traust á milli skólastjóra og kennara og bæta samskiptin.
- Æskilegt er að skólastjóri veiti kennurum endurgjöf á störf þeirra og fari meira inn í kennslustundir til að fylgjast með kennslunni.

Fjármál

Það sem vel er gert:

- Breiðholtsskóli skilaði rekstraráætlun á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Tækifæri til umbóta

- Útgjöld árið 2012 voru yfir mörkum heildarfjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.

Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Breiðholtsskóli vorið 2012. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Breiðholtsskóla 2011-2012. Breiðholtsskóla.

Skólapúlsinn. www.skolapulsinn.is

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2011. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Breiðholtsskóla skólaárið 2012-2013. Breiðholtsskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli í Breiðholtsskóla haustið 2012.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Breiðholtsskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011. Breiðholtsskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Breiðholtsskoli.is

www.midberg.is/bakkinn

[\(http://skolahljomsveitir.is/isl/\)](http://skolahljomsveitir.is/isl/).

Fylgiskjöl

1. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur